

Áfangageiti	Lýsing	Undanfari	Samsvarar
-------------	--------	-----------	-----------

**BÍLP1SB05** **Bílprófsundirbúningur**

Í áfanganum er lögð áhersla á bóklegt ökunám, umferðamerki, götumerkingar, umferðarmenningu og hegðun í umferðinni. Fjölbreyttar aðferðir verða notaðar til að aðstoða nemendur við að tileinka sér efnið. Auk verkefna á ekill.is verður farið yfir efni sem kennari aflar. Reynt verður að hafa æfingar við áhuga, hæfi og getu hvers og eins. Notaðar verða æfingar til að festa umferðarmerkin í minni, horft á myndbönd úr umferðinni og annað sem gæti nýst nemendum. Gerðar verða upprifjunaræfingar úr hverjum kafla. Ný menntastefna er höfð til grundvallar og grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Námið er undirbúningur fyrir bóklegan hluta ökunáms (Ö1) og er ætlað nemendum á starfsbraut.

**BÓKF1DU05** **Dagbók og uppgjör** **BÓK 103**

A) Byrjunaráfangi þar sem fjallað er um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Æfðar eru almennar færslur í dagbók með notkun helstu grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi og gerð efnahags- og rekstrarreiknings. Æfð er færsla virðisaukaskatts í bókhaldi.

B) Að auki er farið í fjármál ungs fólks og útskýrð og æfð meðferð launaseðils, greiðsla persónuskatta, meðferð fjármuna svo sem sparnaður og geymsla, lánamál, skuldir, neyslustýring, rekstur bíls og áætlanir um fjárhag.

D

**DANS1LM05** **Lesskilningur og málfræði** **DAN 103**

Í þessum áfanga er áhersla lögð á lestur fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Nemendur vinna hlustunaræfingar í tengslum við lesna texta. Undirstöðuatriði danskrar málfræði eru rifjuð upp. Auk þess er lögð mikil áhersla á að þjálfar nemendur í munnlegri tjáningu og ritun.

**DANS2MO05** **Málfræði og orðaforði** **DANS1LM05** **DAN 203**

Nemendur lesa fjölbreytta texta um fréttatengd efni, danska menntakerfið og bókmenntatexta. Áhersla lögð á virkan og hagnýtan orðaforða. Farið verður í flóknari atriði málfræði og málnotkunar. Nemendur vinna sjálfstætt að viðameiri verkefnum í formi kynninga og ritunarverkefna. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur leggi fram verkefnamöppur í lok áfangans. Nemendur þjálfast í samræðutækni og að tjá afstöðu sína og skoðanir.

**DANS3MB05** **Menning og bókmenntir** **DANS2MO05** **DAN 303**

Nemendur lesa fjölbreytta texta, bæði fréttatexta þar sem þeir kynnast Danmörku dagsins í dag en einnig fræðilega og bókmenntalega texta svo nemendur kynnist þeim arfi sem menning Dana hvílir á. Einnig er lögð áhersla á að kynna Danmörku í myndum og máli með dönskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og hlustun á fréttir og umræðuþætti í dönsku útvarpi.

## E

[EÐLI2AV05](#)

Afl- og varmafræði

STÆR2AF05

EDL 103

STÆR2HV05 æskilegur

Í þessum fyrsta áfanga í eðlisfræði vinna nemendur með hugtök og þekkingu úr grunnatriðum afl- og varmafræði. Samtímis því eru nemendur þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru við nám í þessari grein. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og saman í hópum og lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð nemandans á eigin námsframvindu. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: Einingakerfi og meðferð eininga í útreikningum, mæling lengdar, tíma og massa, lýsing hreyfingar eftir beinni línu, hreyfilögmál Newtons, núningskraftar, samband vinnu og mismunandi orkuforma, varðveislulögmál orku, skriðþungi og varðveisla hans í línulegum árekstrum, þrýstingur í vökvum og lofttegundum, hiti og hreyfing efniseinda, ástandsjafrana lofttegunda, varmaorka og varmaleiðni, varmarýmd, eðlisvarmi og fasaskipti.

[EÐLI2RB05](#)

Rafmagns- og bylgjufræði

STÆR2AF05

EDL 203/303

STÆR2HV05 og EÐLI2AV05 æskilegir.

Í þessum byrjunaráfanga í eðlisfræði vinna nemendur með hugtök og þekkingu úr grunnatriðum rafmagns- og bylgjufræði. Samtímis því eru nemendur þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru við nám í þessari grein. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og saman í hópum og lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð nemandans á eigin námsframvindu. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: Rafhleðsla og straumur, rafsvið, orka, spenna, afl lögmál Ohms, viðnám (eðlisviðnám, hitaháð viðnám, samtenging viðnáma), íspenna, lögmál Kirchhoffs og jafnstraumsrásir, segulmagn og segulsvið. Bylgjur; útbreiðsla, samliðun, staðbylgjur og herma, endurvarp og brot, hljóð, samliðun í raufum, Dopplerhrif, ljósbrot, lögmál Snells, alspeglun, speglun ljóss og geislagangur í linsum.

[EÐLI3NE05](#)

Nútímaeðlisfræði

EÐLI2AV05

EDL 403

EÐLI2RB05

STÆR3DE05

Í áfanganum er gerð grein fyrir helstu atriðum í eðlisfræði 20. aldar með áherslu á takmörkuðu afstæðiskenninguna, frumatriði skammtafræði, atóm og kjarneðlisfræði auk öreindafræði. Efnisatriði: Viðmiðunarkerfi, afstæð mæling tíma, lengdar og massa. Svarthlutargeislun, ljóseind og ljósröfun. Atómlíkon Rutherford og Bohrs. Orkuskömmun og línulitróf. Skammtatölur og einsetulögmál Paulis. Röntgengeislun, Comptonhrif og leysir. Bindiorka kjarna. Geislavirkni og helmingunartími. Kjarnaklofnun og kjarnasamruni. Öreindir og grunnkraftarnir fjórir.

[EÐLI3VA5](#)

Valáfangi, yfirlitsáfangi

EÐLI2VA05

EÐLI2RB05

STÆR3HD05

Í áfanganum eru í upphafi rifjuð upp helstu grunnatriði afl- og rafmagnsfræði en síðan eru valin nokkur viðfangsefni til dýpkunar í aflfræði, rafsegulfræði, varmafræði og bylgjufræði. Efnisatriði: Lögmál Newtons. Varðveislulögmál orku, skriðþunga og hverfiþunga. Hverfitregða og jafnvægi. Riðstraumur og sveiflurásir. Hálfleiðarar. Sveifluhreyfing. Vökvaafllfræði. Lögmál varmafræðinnar og varmavélar.

**EFNA2LM05 Lotukerfið og mólhugtakið EFN 103**

Í áfanganum er farið í undirstöðuatriði efnafræðinnar og nemendur látnir vinna með grunnhugtök greinarinnar. Þeir þjálfast í meðferð hjálpargagna, s.s. lotukerfis, jónatöflu, töflu yfir auðleyst og torleyst sölt, rafdrægnigildi frumefna o.þ.h. Nemendur kynnast verklegum æfingum í efnafræði og þjálfast í þeim vinnubrögðum sem þar eru viðhöfð.

**EFNA2GE05 Gaslögmálið og efnahvörf EFNA2LM05 EFN 203**

Í áfanganum er áfram unnið með undirstöðupætti efnafræðinnar. Til viðbótar er fjallað um gaslögmálið og tengingu þess við mól- og massaútreikninga í efnahvörfum auk þess sem farið verður í orkubreytingar við efnahvörf, hraða efnahvarfa og jafnvægishugtakið kynnt. Áhersla er lögð á aukið sjálfstæði í verklegum æfingum og vinnubrögðum almennt.

**EFNA3LR05 Lífræn efnafræði EFNA2LM05 EFN 313**

**EFNA2GE05 æskilegur**

Í áfanganum er farið í grunnatriði lífrænnar efnafræði. Eiginleikar, bygging og flokkun lífrænna efna eru skoðaðir sem og IUPAC-nafngiftakerfið. Einnig er farið yfir tengi lífrænna sameinda, hendni þeirra og helstu efnahvörf lífrænna efna. Þrjú meginflokkar lífefna eru skoðaðir sérstaklega; sykrur, fituefni og prótein. Áhersla er lögð á notagildi fræðanna, tengingu þeirra við daglegt umhverfi nemenda og undirbúning þeirra undir frekara nám.

**EFNA3JA05 Jafnvægi EFNA2GE05 EFN 303**

Viðfangsefni áfangans er jafnvægishugtakið. Jafnvægi í efnahvörfum er skoðað frá ýmsum hliðum en áhersla lögð á jafnvægi í þremur megingerðum efnahvarfa: sýru-basa hvörfum, oxunar-afoxunarhvörfum og fellingarhvörfum. Nemendur vinna sjálfstætt að framkvæmd og úrvinnslu verklegra æfinga er tengjast viðfangsefnum áfangans.

**ENSK1LL05**

Áfangi á framhaldsskólabraut

**ENSK1OM05**

Áfangi á framhaldsskólabraut

**ENSK1MT05**

Áfangi á framhaldsskólabraut

**ENSK1LR05**

Áfangi á framhaldsskólabraut

**ENSK1LM05 Lestur og málfræði ENS 103**

ENSK1LM05 samsvarar hæfnisþrepi A2 í evrópska tungumálarammanum.

Málfræði: Nemendur halda áfram að bæta við þekkingu sína á helstu málfræðiatríðum í ensku.

Æft er að bæta málfræðireglur með ritun og notkun flóknari setningafræði.

Menning: Kynntur verður megin menningarmunur milli enskumælanda landa, t.d. samskipta- og siðvenjur. Einnig læra nemendur að þekkja mismunandi enskar mállýskur.

**ENSK2MO05 Málfræði og orðaforði ENSK1LM05 ENS 203**

Markmið áfangans er að nemendur æfi frekar þá málfræðiþekkingu sem þeir öðluðust í grunnskóla ásamt með ríkri áherslu á orðaforða. Nemendur munu kynnst menningu og málfari mismunandi enskumælanda landa. Margvíslegar greinar og bókmenntir tengdar þessum menningarsvæðum verða til lestrar og umræðu. Áhersla verður lögð á sjálfstæð vinnubröð nemenda. Þá verða þeir einnig þjálfðir í hópvinnu. Samskiptahæfni verður þjálfuð með því að nemendur þurfa að rökstyðja skoðun sína bæði í ræðu og riti. Nemendur þjálfast í að skrifa margbreytilega texta.

**ENSK2OB05 Orðaforði og bókmenntir ENSK2MO05 ENS 303**

Markmið áfangans er að efla menningarvitund nemenda með því að þjálf þá í að tjá sig um eigin samfélag og menningarheim á ensku. Einnig verður skoðað hvað enskumælandi þjóðir eiga sameiginlegt og það borið saman við Ísland. Jafnframt er skoðað hvað er ólíkt með þessum þjóðum. Einnig er það markmið áfangans að nemendur öðlist dýpri skilning á flóknari málfræði enskrar tungu. Þetta er jafnframt síðasti áfanginn þar sem markvisst er farið yfir málfræði. Farið verður yfir grundvallaratriði í skrifum texta af ýmsum toga og munu nemendur æfa sig í nýtingu þeirra. Nemendum verður gerð grein fyrir eigin raun-orðaforða í ensku og vinna þeir markvisst í að auka hann. Lesin eru einnig ýmis bókmenntaverk.

**ENSK3FH05 Fagenska og hugtök ENSK2OB05 ENS 403**

Nemendur þjálf fræðilegan orðaforða. Þeir velja sér efni tengd fagi á námsbraut þeirra t.d. félagsfræði, náttúrufræði, sálfræði, listum og menningu, íþróttufræði o.s.f. Mikil áhersla er lögð á að velja og vinna úr fræðilegum heimildum. Ritgerð er unnin sem ferilsritun. Nemendur beita sjálfstæðum vinnubrögðum og skila einstaklingsverkefni sem er kynnt fyrir samnemendum í lok áfangans.

**ENSK3RB05 Ritun og bókmenntir ENSK2OB05 ENS 503**

ENSK3RB5 samsvarar hæfnisþrepi C1 í evrópska tungumálarammanum.

Lesnir eru klassískir enskir textar sem gera nemendum kleift að þróa djúpstæðari þekkingu á ensku samfélagi og þeim tímum sem verkin eru skrifuð.

Áhersla verður lögð á að vinna úr textanum með því að beita bókmenntahugtökum.

Nemendur þjálf ritun enn frekar með því að tjá sig með ýmsum ritunaraðferðum svo sem samantekt, skapandi skrifum, ritgerðarsmíði og þýðingum.

**ENSK4UH05 Undirbúningur fyrir háskólanám 10 einingar í ensku á 3. þrepi ENS 603**

Megin áhersla er lögð á það að vinna áfram með lestur mismunandi texta, þjálfari ritun og vinna að rannsóknum auk þess að lesa fræðirit á akademískum grunni. Nemendur læra að tjá sig með fjölbreyttari hætti um skoðanir sínar til undirbúnings háskólanáms. Í áfanganum er byggt ofan á þann grunn sem lagður var á þriðja þrepi. Lögð er áhersla á að nemendur ráði við flóknari og fjölbreyttari texta og að þeir auki við orðaforða sinn. Nemendur eru þjálfaðir í málfræðiatríðum sem auka hæfni til að tjá sig í ræðu og riti um líðandi stund og liðna tíð. Þeir læra að tjá skoðanir sínar á markvissari hátt og nota til þess rökstuðning og fræðilegar áherslur. Þannig eykst innsýn í málnotkun í fræðitextum og bókmenntum.

### ERLS3ES5 Erlend samskipti

Áfanginn er hannaður til að ýta undir og efla alþjóðasamskipti nemenda sem eru að læra erlend tungumál. Námið í þessum áfanga eykur menningarlausni og fjölmenningsmeðvitund nemenda auk meðvitundar þeirra um eigin menningu. Ennfremur efla nemendur félags- og borgaravitund sína, auk þess sem þeir þjálfast í samskiptatækni.

## F

### FERÐ3FÞ05 Ferðabjónusta

Í áfanganum er fjallað um ferðamennsku á Austurlandi. Móttöku ferðamanna, kynningu á mismunandi ferðabjónustuaðilum og stofnunum á svæðinu s.s. Skriðuklaustri, Þjóðgarðsmiðstöð, Óbyggðasafni og öðrum söfnum. Kynningu á afþreyingu s.s. „beint frá býli“, gönguleiðum, menningaratburðum á svæðinu, búskap, hestaferðum og útsýnisstöðum. Undirbúningur efnis fyrir ferðamenn er skoðaður og nemendur beita öllum erlendum tungumálum sem þeir hafa lært til að hanna kynningarefni, bæði ritað og sjónrænt. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að vinna að verkefnum og samvinnun tækniaðferða nýtt í einstaklings- og hópvinnu s.s. myndbandagerð á mismunandi tungumálum. Í þessum áfanga nota nemendur öll tungumálin sem þeir læra.

### FÉLV1ÞF05 Þróun félagsvísinda

FÉL 103

heitir einnig  
FÉVÍ1ÞF05

Í þessum byrjunaráfanga fá nemendur innsýn í mismunandi greinar félagsvísindanna með sérstaka áherslu á félagsfræði, sálfræði og uppeldisfræði. Farið er í upphaf og sögu félagsvísinda, mismunandi stefnur og sjónarmið og nokkra helstu frumkvöðla innan félagsvísindanna. Fjallað er um grunneiningar samfélagsins og áhrif þess á einstaklinginn og líf hans. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu og geti myndað sér skoðanir á málefnum sem efst á baugi eru hverju sinni. Nemendur fræðast um þá þætti sem hafa áhrif á líf barna og fullorðinna í nútímapjóðfélagi. Einnig er þeim gefin innsýn í þá hugmyndafræði sem nútímafélagsvísindi byggja á, mismunandi viðfangsefni þeirra og mikilvægi í daglegu lífi. Sem dæmi um einstaka efnisþætti má nefna: Félagskerfið, hagkerfið og stjórnkerfið, erfðir og umhverfi, frjáls vilji löghyggja, félagsmótun, þróun menntunar, kynhlutverk og jafnfrétti, menning og trúarbrögð, fjölskyldan, vinna og atvinnulíf.

### FÉLA1TT05 Tónlist og tískustraumar

Áfangi á framhaldsskólabraut. Áfanginn samanstendur af efni úr félagsfræði og sögu (valið af kennara). Í áfanganum eru rakin valin efni úr sögu Íslands og Evrópu s.l. 40 ár. Hún er rakin í tengslum við þróun alþýðutónlistar og tískustrauma á tímabilinu.

**FÉLA2SS05 Sjóarmið og saga FÉVÍ1AÞ05 FÉL 203**

Í áfanganum er félagsfræðin kynnt sem fræðigrein. Fjallað um hugmyndir frumkvöðla félagsfræðinnar og helstu kenningar kynntar. Þróun félagsfræðinnar frá hugmyndum frumkvöðla til samtímans er skoðuð. Tengsl einstaklings og samfélags eru tekin fyrir og greind í ljósi ólíkra kenninga. Viðfangsefni líkt og frávik, afbrot, lagskipting og félagsleg mismunun og misrétti eru tekin til umfjöllunar út frá mismunandi sjónarhóli kenninga. Í áfanganum er jafnrétti kynja, kynhlutverk og fjölmiðlun einnig meðal efnisþátta.

**FÉLA2ST05 Stjórn málafræði FÉVÍ1AÞ05 FÉL 303**

Inngangsafrangi í stjórn málafræði. Kynning á stjórn málafræðinni sem fræðigrein. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist fræðilegum kenningum og þeim mismunandi sjónarhornum sem þær gefa á samfélagið. Fjallað er um helstu hugmyndafræðistrauma og hvernig nútímastjórn málahugmyndir hafa mótast. Kynnt verða grundvallarhugtök stjórn málafræðinnar og helstu hugmynda- og stjórn málastefnur. Fjallað verður um þróun íslenska stjórnkerfisins og helstu drætti íslenskrar stjórn málasögu. Meginmarkmið er að glæða skilning og auka áhuga nemenda og auðvelda þeim sjálfstætt mat varðandi stjórn málafræðileg álitamál.

**FÉLA2HE05 Heilsufélagsfræði FÉLV1ÞF05  
Einnig gott að hafa lokið FÉLA, SÁLF  
eða UPPE 2SS05**

Viðfangsefni þessa áfanga er vaxandi og öflugt sérsvið félagsfræðinnar sem beinir sjónum sínum að heilsu, veikindum og skipulagi heilbrigðismála í félagsfræðilegu samhengi. Bæði er fjallað um almenna heilsufélagsfræði sem og geðheilsufélagsfræði. Farið er í helstu kenningar sem tilheyra þessum sviðum, sögu og þróun þessara rannsóknasviða og hagnýtingu þeirra. Fjallað er m.a. um sjúkdómsvæðingu og kenningar um sjúklingshlutverkið, frávik, félagslega dreifingu sjúkdóma, heilbrigðisþjónustu. Einnig er fjallað um samskipti sjúklunga og fagaðila, geðræn og langvinn veikindi, öldrun, dauðann og skoðuð áhrif kyns, aldurs og stéttar auk áhrifa lífisstíls.

**FÉLA3ÞR05 Félagsfræði þróunarlanda FÉLA2SS05 FÉL 313**

Í áfanganum er fjallað um mismunandi hugmyndir um skiptingu heimsins, einkum um skiptinguna í þróuð lönd og vanþróuð. Fjallað er um mismunandi hugmyndir að baki hugtökum sem notuð eru yfir þróunarlönd svo sem „vanþróuð lönd“, „þriðji heimurinn“ og „suðrið“. Nemendur læra um ólíka merkingu og bakgrunn þróunarhugtaka. Sérstök umfjöllun er um efnahagsleg, stjórn málafræðileg og menningarleg einkenni þróunarlanda, orsakir og afleiðingar mishröðunar heimshluta. Kenningar um orsakir þróunarstands og hugmyndafræði sem kenningarnar byggja á eru teknar til greiningar. Fjallað verður um sögu og tegundir þróunarsamvinnu og hugað sérstaklega að verkefnum þar sem íslenskar stofnanir hafa komið við sögu. Áhersla er lögð á að nemendur geri sér grein fyrir margbreytileika samfélaga sem teljast til þróunarlanda.

### FÉLA3AÐ05

### Aðferðafræði

### FÉLA2SS05

### FÉL 403

Í þessum áfanga er áhersla lögð á tengsl á milli kenninga og rannsóknaraðferða innan félagsfræðinnar. Nemendur kynna sér meginlegar og eigindlegar rannsóknir innan félagsfræðinnar í þeim tilgangi að þeir geti metið, tekið afstöðu til og fjallað á gagnrýnin hátt um niðurstöður rannsókna. Auk þess að geta greint á milli þessara ólíku rannsóknarhefða þá er í áfanganum fjallað sérstaklega um sögu og þróun meginlegra rannsóknaraðferða og stöðu þeirra innan félagsvísinda í dag. Farið verður yfir helstu einkenni þessara rannsókna og við hvaða aðstæður meginlegar aðferðir henta best. Ítarlega verður fjallað um helstu rannsóknaraðferðir og lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu í að beita þessum aðferðum. Þá er fjallað um greiningu meginlegra rannsóknargagna og skrif á rannsóknarniðurstöðum. Rætt verður um aðferðafræðileg og siðfræðileg vandamál sem tengjast rannsóknum.

### FIML1AÞ03

### Afrekspjálfun í fimleikum

Um afreksípróttaráfanga er að ræða, þar sem nemandinn æfir sína íþrótt 6 – 8x í viku með fullu skólanámi. Nemendur geta tekið hann sem stigvaxandi afrekspjálfun í alls 8 skólaánnir jafnhliða æfingum með sínu félagsliði, eða sem einstakan áfanga inn í óbundið val. Lögð er áhersla á að vinna með einstaklinginn með það markmið að efla tæknilega getu hans í fimleikum. Sett eru skýr einstaklingsmarkmið í upphafi áfangans, byggð á mælingum og mati kennara. Að þeim er síðan unnið með skipulegum hætti út önnina. Árangur nemandans er síðan metinn á grundvelli þeirra mælitækja sem notuð eru. Nemendur áfangans gangast undir mikið æfingaálag. Strangar mætinga- og agareglur gilda jafnframt í áfanganum, með það að markmiði að nemandinn finni það skýrt hvað þurfi til þess að verða afreksípróttamaður í fremstu röð. Nemendur skrifa undir samning um bann á notkun hvers kyns vímuefna. Brot á þeim samningi veldur brottvísun úr áfanganum, að undangenginni aðvörðun og tilraunum til úrbóta.

## H

### HAGF1RE05

### Rekstrarhagfræði

### HAG 103

Byrjunaráfangi um rekstur fyrirtækja og umhverfi þeirra. Grunnatriði hagfræðinnar, mismunandi efnahagsheildir. Nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki. Nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja með því að skoða innviði svo sem kostnaðarsamsetningu, deildaskiptingu og sölumál og síðan ytra umhverfi fyrirtækis. Flokkun atvinnugreina, starfsgrundvöllur fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetning og kostnaðargreining. Grunnatriði markaðsfræði og bókhalds. Nemendur nýti sér eigin þekkingu úr atvinnulífinu, taki dæmi þaðan og beri saman við námsefnið. Nemendur nýti netið til upplýsingaöflunar.

### HAFG2ÞJ05

### Þjóðhagfræði

### HAG 113

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum.

Nemendur noti netið til öflunar upplýsinga í áfanganum. Nemendur vinna sjálfstæð verkefni sem tengjast íslensku efnahagslífi og taka þátt í umræðum um valin efni.

### **HEIL1HR02** Heilsa, lífsstíll

Í áfanganum vinnur nemandi sjálfstætt verkefni sem hann velur sjálfur í samráði við íþróttakennara. Verkefnið fjallar um íþróttir og heilsurækt í víðum skilningi. Nemandi aflar heimilda og upplýsinga eða gerir könnun sem tengist viðfangsefninu og skilar lokaritgerð. Nemandinn skal einnig halda fyrirlestur uppúr verkefni sínu á ákveðnum tímamarki í samráði við kennara.

### **HEIM2SI05** Siðfræði **LÍFS1BE05,** **LÍFS1BS05 og** **FÉLV1PF05**

Í áfanganum er viðfangsefnið siðfræði sem er sjálfstæð undirgrein heimspeki. Áfanginn er kynning á siðfræði sem er bæði afstæð og fræðileg umræða um siðferðileg málefni. Farið verður í siðfræðikenningar, hagnýti þeirra við lausn siðaklemma og hvernig haga beri rökræðu og framsetningu afstöðu. Í áfanganum verður farið yfir eftirfarandi viðfangsefni: Siðferðilega rökræðu; hvað í henni felst, tilgang hennar og hvaðan hún sprettur. Menningarlega afstæðishyggju; ólíkar siðareglur sem gilda í ólíkum menningarsamfélögum. Nytjastefnu; að velja þá breytni sem leiðir til bestu heildarafleiðingarinnar fyrir alla sem málið snertir. Rökræðuna um nytjastefnu; krafan um réttlæti, réttindi og vísan í fortíðarástæður. Immanúel Kant og skilyrðislausu skylduboðið. Thomas Hobbes og samfélagssáttmálann. Dydðasiðfræði.

**HSTÆ1AR05** Algebra og rúmfræði **STÆ 162**  
Heiti áfangans hefur verið breytt í STÆR1BT05

**HSTÆ2FT05** Fjármál og tölfræði **STÆ 202**  
Heiti áfangans hefur verið breytt í STÆR2LÆ05

### **HUGM2HS05** Hugmyndaauðgi og **SJÓN1TE05 og SJÓN2LF05** sköpunarkraftur

Í áfanganum er unnið með að virkja sköpunarkraft og hugmyndaauðgi nemenda. Nemendur kynnast aðferðum og tileinka sér hefðbundnar/ persónulegar vinnuaðferðir við úrvinnslu hugmynda. Nemendur safna hugmyndum í leiðabók/ skissubók og vinna með sambandið á milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar. Unnið er markvisst með form, áferð, myndur, litanotkun, hugmyndavinnu í tölvu og afrakstrinum safnað í hugmyndabanka/bók. Á þessari vinnu byggist áframhaldandi verkefnavinna í áfanganum s.s. textílhönnun, vöruhönnun og skúlptúr. Sérstök áhersla er lögð á þemavinnu/hópinnu sem tengist uppsetningu á sýningu innan eða utan skóla. Lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og að nemendur læri að taka gagnrýni, meta eigin verk og annarra á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Nemendur fara í vettvangsferðir og á fyrirlestra í tengslum við námið.

**HÖNN2IN05** Innanhússhönnun **SJÓN1TE05 eða SJÓN2LF05**



Í áfanganum eru kynnt helstu straumar og stefnur í innanhússarkitektúr í samtímanum. Nemendur kynnast grunnþáttum í aðferðum við að skipuleggja og hanna rými. Kynnt verða forrit sem notuð eru í áframhaldandi námi og lögð áhersla á að nemendur nái tökum á að nýta sér þau. Fjallað er um hin ólíku stílbrigði, húsbúnað, lýsingu, liti, verð og gæði hráefna og vara. Kynntir verða mismunandi möguleikar á textílhönnun í manngerðu umhverfi t.d. gluggatjöld, púðar áklæði og fleira og skoðað hvaða hlutverki slíkir hlutir gegna í daglegum þörfum og lífsstíl. Einnig er lögð áhersla á mismunandi vinnuaðferðir varðandi styrkleik, frágang, útlit og notagildi. Nemendur gera tillögur að nokkrum útfærslum og rýmisteikningar af híbýlum, safna prufum og upplýsingum sem kynntar verða fyrir samnemendum. Nemendur vinna verkefni í textílhönnun fyrir rými og vinna með litasamsetningar, form og áferðir mismunandi efna. Farið verður í vettvangsferðir og á fyrirlestra sem tengjast áfanganum.

**HÖNN2VÖ05**    **Vöruhönnun**                      **MARG2SM05**  
**HUGM2HS05**

Um er að ræða grunnáfangi í vöruhönnun á framhaldsskólastigi. Farið verður yfir það hvað vöruhönnun er, hvaða tilgangi hún þjónar í nútímasamfélagi og hvað er VARA? Einnig verður saga vöruhönnunar frá 1750 til dagsins í dag kynnt í örmynd til að nemendur hafi betri heildarsýn á fagið. Áfanginn er að mestu leyti verklegur en nokkur skrifleg verkefni geta þó verið þó inn á milli. Nemendur þurfa að halda úti skissubók fyrir öll verkefni og er hluti af áfanganum því kennsla í að kortleggja hugmyndirnar, rannsaka og færa inn í skissubók. Kennari aðstoðar við útfærslu á hugmyndum, ljósmyndum, texta og teikningum, en bæði er hægt að notast við Photoshop og sambærileg forrit og/eða þá að nemendur teikna upp hugmyndir sjálfir og fá aðstoð við framsetningu í skissubók. Nemendur fá einnig innsýn inn í módelgerð og þurfa að skila af sér verkefni því tengdu þar sem nemandi fær aðstoð við að gera eftirlíkingu af fyrirfram gefnum hlut/vöru í sem nákvæmasti mynd. Í lokin verður unnið lokaverkefni þar sem nemendur hanna sína eigin vöru út frá fyrri rannsóknarvinnu og fyrirfram ákveðnu þema sem kennari leggur fyrir. Nemendur búa til „prótótípu/frumgerð“ af vörunni og enda svo áfangann með sýningu á bæði lokaverkefni, kynningarefni og skissubók.

**HÖNN3TÖ05**    **Tölvustudd hönnun**                      **MARG2MI05**

Í

**ÍSLE1LL05**    **Lestur og lesskilningur**    **ÍSL 192**  
1. áfangi í íslensku á framhaldsskólabraut.

**ÍSLE1HM05**    **Hugtök og málfræði**    **ÍSL 292**  
2. áfangi í íslensku á framhaldsskólabraut.

**ÍSLE1RF05**    **Ritun og frágangur**    **ÍSL 293**  
3. áfangi í íslensku á framhaldsskólabraut.

[ÍSLE1RM05](#) Málfræði- og bókmenntahugtök C í íslensku úr grunnskóla eða sambærileg færni ÍSL102

Lögð er áhersla á orðflokkgreiningu, beygingarfræði, setningafræði og stafsetningu. Nemendur þjálfast í grundvallarvinnubrögðum ritunar.

[ÍSLE1KM05](#) Málfræði- og bókmenntahugtök ÍSLE1RM05 ÍSL202

Nemendur auka lesskilning sinn og æfast í að beita grunnhugtökum í bókmenntafræði. Nemendur kynnast bragfræði og stílbrögðum í ljóðum. Nemendur þjálfast í stafsetningu. Nemendur kynnast samræðutækni og þjálfast í að tjá skoðun sína. Nemendur þjálfast í grundvallarvinnubrögðum ritunar.

[ÍSLE1MB05](#) Málfræði- og bókmenntahugtök ÍSL 103

Bókmenntir og læsi: Nemendur auka lesskilning sinn og æfast í að beita grunnhugtökum í bókmenntafræði.

Málfræði: Beygingarfræði, setningafræði og stafsetning.

Munnleg tjáning: Nemendur kynnast samræðutækni og þjálfast í að tjá skoðun sína.

Ritun: Nemendur þjálfast í grundvallarvinnubrögðum ritunar.

[ÍSLE2NH05](#) Nútímabókmenntir og hugtakabeiting ÍSLE2RR05 ÍSL 503

Bókmenntir og læsi: Nemendur læra helstu hugtök bókmenntafræði og æfast í að beita þeim. Bókmenntasaga frá 1900 til samtímans. Lesnir verða fjölbreyttir textar.

Munnleg tjáning: Nemendur þjálfast í samræðutækni, að tjá skoðun sína og að taka afstöðu.

Ritun: Nemendur þjálfast í grundvallarvinnubrögðum ritunar og heimildavinna kynnt.

[ÍSLE2RR05](#) Ritun og ritgerðasmíði ÍSL 203

Persónurítun, rökfærsla, ritdómur, skáldverk, heimildanotkun. Jafnframt persónurítun og skáldlegri ritun er farið skref fyrir skref í hvernig vinna skal rannsóknarritgerð, þ.e. setja fram rannsóknarspurningu og svara henni, skrifa góðar efnisgreinar, meta heimildir, skrá tilvísanir og tilvitnanir og setja fram heimildaskrá.

[ÍSLE2YN05](#) Yndislestur Nemandi skal hafa lokið íslensku á 1. þrepi

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandinn lesi sér til gagns og gamans og þroski bókmenntasmekk sinn. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu lesandans við reynslu hans og þann veruleika sem við lifum í. Kennari og nemandi hafa samráð um val á efni. Í áfanganum reynir á samræður þar sem nemandi ræðir um það sem hann les við kennara. Ekki eru skrifleg verkefni í þessum áfanga.

[ÍSLE3LF05](#) Lærdómsöld til fullveldis ÍSLE2NH05 ÍSL 403

Bókmenntir og læsi: Lesnir verða fjölbreyttir textar. Nemendur túlki þá og setji í samhengi við eigin reynslu og skoðanir. Nemendur læra fleiri hugtök bókmenntafræði og æfast í að beita þeim. Bókmenntasaga frá 1550-1900. Lesnir verða fjölbreyttir textar. Málfræði: Hugtök í beyginga- og setningafræði dýpkuð. Nemendur þjálfist í beitingu þeirra. Munnleg tjáning: Nemendur þjálfist í samræðum um álitamál. Ritun: Farið dýpra í heimildavinnu, heimildarýni og meðferð tilvitnana. Nemendur læra að setja upp ritgerðir og ganga frá texta.

**ÍSLE3FM05**      **Fornöld og miðaldir**      **ÍSLE3LF05**      **ÍS 303**

Bókmenntir og læsi: Nemendur beita helstu hugtökum bókmenntafræði. Bókmenntasaga 800-1550. Lesnir verða fjölbreyttir textar. Málsaga: Meginbreytingar í málinu kynntar. Munnleg tjáning: Nemendur kynna eigin rannsókn og sitja fyrir svörum. Ritun: Nemendur skrifa bókmenntaritgerð byggða á rannsókn.

**ÍSLE3SK05**      **Skáldsögur**      **Nemandi skal hafa lokið íslensku á 2. ÍSL 613**  
**þrepi**

Í áfanganum er lögð áhersla á lestur íslenskra fagurbókmennta, skáldsagna, á markvissan og greinandi hátt með því að nota bókmenntahugtök. Einnig að nemandi komi rökstuddri skoðun á verkunum á framfæri í ræðu og riti. Nemandi hefur áhrif á val skáldsagna.

**ÍSLE3BU05**      **Menningarheimur barna og unglunga**      **ÍSLE2NH05 og ÍSLE2RR05**      **ÍS 633**

Í áfanganum eru fjölbreytt viðfangsefni. Áhersla er á menningarheim barna og unglunga. Fjallað er um ýmsar bókmenntategundir s.s. myndabækur, barna- og unglungabækur, teiknimyndasögur, þjóðsögur og ævintýri. Skoðaðar eru myndskreytingar í barnabókum. Bækurnar eru skoðaðar með augum gagnrýnandans með tilliti til fjölmennningar, jafnréttis og stöðu kynjanna. Nemendur styðjast við verkfæri bókmenntagreiningar til að kryfja efnið. Barnaefni sjónvarpsstöðvanna er skoðað. Bornir eru saman leikir barna nú og fyrr á tímum. Einnig er fjallað um ljóð fyrir börn og ýmsa aðra afþreyingu eins og tölvuleiki og spil. Lögð er áhersla á þjálfun og færni í ritun.

**ÍSLE3RS03**      **Ritlist**      **ÍSLE2RR05 eða sambærilegt nám í ritun.**

Í áfanganum læra nemendur um mismunandi stílbrögð í ritlist auk þess sem þeir setja saman eigin texta undir leiðsögn kennara og rýna í verk annarra. Unnið er að því að auka bókmenntalegt læsi og sköpunargáfu með það að markmiði að koma afurð sinni á framfæri. Lögð er áhersla á að efla færni nemandans til að rýna í eigin verk og annarra og gera hann hæfari til allra handa ritsmíða, hvort heldur hagnýtra eða listrænna. Að áfanganum loknum ætti nemandinn að hafa öðlast aukið sjálfstraust á sviði sköpunar og læsis sem gerir honum kleift að vinna sjálfstætt að sinni list. Áfanginn er þrjár einingar að umfangi en nemendur geta bætt einni til tveimur einingum við með því að skila inn sjálfstæðu verkefni í skapandi skrifum.

**ÍSLE3RS05****Ritlist****ÍSLE2RR05 eða sambærilegt nám í ritun.**

Í áfanganum læra nemendur um mismunandi stíllbrögð í ritlist auk þess sem þeir setja saman eigin texta undir leiðsögn kennara og rýna í verk annarra. Unnið er að því að auka bókmenntalegt læsi og sköpunargáfu með það að markmiði að koma afurð sinni á framfæri. Lögð er áhersla á að efla færni nemandans til að rýna í eigin verk og annarra og gera hann hæfari til allra handa ritsmíða, hvort heldur hagnýtra eða listrænna. Að áfanganum loknum ætti nemandinn að hafa öðlast aukið sjálfstraust á sviði sköpunar og læsis sem gerir honum kleift að vinna sjálfstætt að sinni list. Í lok áfangans skilar nemandi sjálfstæðu verkefni í skapandi skrifum.

**ÍÞRF2ÞJ05****Þjálfun barna og unglunga ÍÞRF2ÞJ05****ÍÞF 102**

Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur skulu þjálfast í grundvallaraðferðum kennslu barna og unglunga og undirbúa nemendur undir þjálfarahlutverkið. Nemendur læra um hlutverk þjálfara og leiðbeinanda í íþróttastarfi, þar sem sértök áhersla er lögð á aldurinn þriggja til tólf ára. Lögð er áhersla á skipulag þjálfunar, áætlanagerð og markmiðssetningu. Meðal efnis er þolþjálfun, styrktarþjálfun, tæknþjálfun og liðleikaþjálfun. Nemendur læri um vöxt barna, hreyfiproska, næringu, félagsþroska og sálrænan þroska. Farið verður í stefnu íþróttahreyfingarinnar í þjálfun barna og unglunga auk annarra stefna er snúa að þjálfara hlutverkinu. Sérstök áhersla skal lögð á mikilvægi leikrænnar kennslu í þjálfun barna og unglunga, auk þess sem nemendum skal leiðbeint með framsögn og aðferðir til að ná til barna í þjálfun. Fjallað er um þjálfarann sem fyrirmynd og í því samhengi áhrif áfengis, tóbaks og annarra vímuefna á líkamann og afkastagetu þjálfara og iðkenda. Farið skal í siðfræði þjálfarans. Áfanginn fæst metinn inn í þjálfarakerfi ÍSÍ sem almennur hluti 1a, 1b, og 1c.

**ÍÞRG2FI01****Fimleikar****ÍÞRF2ÞJ05****ÍÞG 121**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2SU01****Sund****ÍÞRF2ÞJ05****ÍÞG 171**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2GO01****Golf****ÍÞRF2ÞJ05****ÍÞG 1X1**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2FR01** Frjálsar íþróttir **ÍÞRF2ÞJ05** **ÍÞG 141**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2GL01** Glíma **ÍÞRF2ÞJ05** **ÍÞG 1X1**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2BA01** Badminton **ÍÞRF2ÞJ05** **ÍÞG 161**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2JÚ01** Júdó **ÍÞRF2ÞJ05** **ÍÞG 1X1**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hjólríðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2LY01 Lyftingar ÍPRF2ÞJ05 ÍÞG 171**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálstri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálssar íþróttir, glíma, golf, hjólréiðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2BT01 Borðtennis ÍPRF2ÞJ05 ÍÞG 1X1**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálstri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálssar íþróttir, glíma, golf, hjólréiðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG2FI01 Útivist ÍPRF2ÞJ05 ÍÞG 1X1**

Nemendur fá trausta þekkingu á tiltekinni íþróttagrein og eru búnir undir þjálfunar- og leiðbeinendastörf hjá íþróttahreyfingunni, í frjálstri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna íþróttagrein sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum eða einstökum skólum.

Dæmi um íþróttagreinar: badminton, borðtennis, fimleikar, fjallganga, frjálssar íþróttir, glíma, golf, hjólréiðar, júdó, karate, ólympískar lyftingar, skautar, skíði, skvass, sund, tae kwondo, tennis, þríþraut.

**ÍÞRG3BL02 Blak ÍPRF2ÞJ05 ÍÞG 152**

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í blaki. Sérstök áhersla verður á krakkablak sem undirstaða undir blakið sjálft. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Farið er yfir reglur í greininni. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar og leikæfingar. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur æfa sig að kenna hvort öðru blak og krakkablak.

**ÍÞRG3HA02 Handknattleikur ÍPRF2ÞJ05 ÍÞG 112**

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði handknattleiks. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu handknattleiks.

**ÍÞRG3KN02 Knattspyrna ÍPRF2ÞJ05 ÍÞG 102**

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í knattspyrnu. Lögð er áhersla á kennslu knattækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Nemendur þjálfist í kennslu knattspyrnu. Áfanginn er bóklegur og verklegur.

**ÍÞRG3KÖ02      Körfuknattleikur      ÍÞRF2ÞJ05      ÍÞG 132**

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði körfuknattleiks. Lögð er áhersla á kennslu knattækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu körfuknattleiks.

**ÍÞRÓ1UÞ01      Upphitun og þolþjálfun      ÍÞR 101**

Farið er yfir mikilvægi upphitunar fyrir líkamlega þjálfun og unnið með æfingar og leiki sem henta fyrir líkams- og heilsurækt eða mismunandi íþróttagreinar. Farið er yfir það helsta sem á sér stað í líkamanum við upphitun og þá kosti sem góð upphitun hefur í för með sér. Í áfanganum er einnig fjallað um þol og þolþjálfun og hvernig byggja megi upp og viðhalda þoli. Farið er yfir muninn á loftháðri og loftfirrtri þolþjálfun auk þess sem farið verður yfir almennt og sérhæft þol tengt ýmsum íþróttgreinum. Þá verða nemendum kynntar aðferðir til mælingar á þoli. Efnisatriði bókar – Þjálfun Heilsa Velliðan.

**ÍÞRÓ1SL01      Styrkur og liðleiki      ÍÞR 111**

Í áfanganum er lögð áhersla á verklega og fræðilega þætti kraft- og liðleikabjálfnar. Farið er yfir mikilvægi líkamsstyrks (krafts) fyrir stoðkerfi líkamans, líkamsbeitingu og líkamsreisn. Nemendur læra að stunda kraftþjálfun sem nær til helstu vöðvahópa líkamans. Þá er komið inn á mikilvægi rétttrar líkamsbeitingar við kraftþjálfun og fjölbreytta möguleika á þjálfun krafts, s.s. með eigin líkamspunga eða í tækjasal.

Farið er yfir mikilvægi liðleika og liðleikabjálfnar fyrir líkamann og áhrif liðleikaæfinga á vöðva og liðamót. Nemendur fá að taka þátt í verklegum æfingum sem þjálfu liðleika. Einnig er nemendum gefið tækifæri til að taka þátt í slökunaræfingum og umræðu um mikilvægi slökunar í nútímasamfélagi. Einnig komið inn á algengustu íþróttameiðsli, skyndihjálp og líkamsbeitingu í daglegu lífi.

**ÍÞRÓ1SS01      Snerpa og samhæfing      ÍÞR 201**

Í áfanganum er fjallað um kerfisbundna grunnþjálfun, snerpu og hraðþjálfun og hvernig megi bæta þessa þætti. Einnig fjallað um tækni og samhæfingu í íþróttum. Að auki fjallað um skipulagningu þjálfnar sem miðar að því að nemendur fái alhliða hreyfireynslu sem reyni á alla helstu vöðvahópa líkamans þar sem fjölbreytni og ánægja er höfð að leiðarljósi.

**ÍÞRÓ1LH01      Lífstíll og heilsa      ÍÞR 211**

Í áfanganum er einnig fjallað um næringu og mataræði og áhrif tóbaks og áfengis á líkamann. Fjallað er um hvað felst í hollri og góðri næringu með tilliti til íþróttar og daglegrar fæðu. Einnig eru gefnar ráðleggingar um hentugt mataræði og matarvenjur. Þá verða nemendur fræddir um gildi heilbrigðs lífennis og skaðleg áhrif ýmissa efna á líkamann. Í áfanganum er lögð áhersla á verklega og fræðilega þætti tengda skipulagi þjálfunar. Nemendur fá að gera eigin þjálfunaráætlun, auk þess sem fjallað er um líkamleg og sálræn áhrif þjálfunar. Farið er yfir helstu líffræðilegar forsendur þjálfunar, svo sem starfsemi vöðva, liða, tauga og blóðrásar. Fjallað er um gildi reglulegrar og skipulagðrar líkamsþjálfunar og nemendum gerð grein fyrir ábyrgð á eigin líkama. Nemendur fá fræðslu um gildi þess að lifa heilbrigðu lífi og fá að kynnast möguleikum umhverfisins til líkams- og heilsuræktar. Nemendur verða hvattir til að tengja tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu upplýsinga og vinnu að eigin áætlanagerð.

**ÍPRÓ1HR01**      **Hreyfing og heilsurækt**      **ÍPRÓ1UP01**      **ÍPR 301**  
**ÍPRÓ1SL01**  
**ÍPRÓ1SS01**  
**ÍPRÓ1LH01**

Meginviðfangsefni áfangans er fjölbreytt líkamsrækt þar sem áhersla er lögð á kraft- og þolæfingar. Áfanginn inniheldur mismunandi þætti, s.s. knattleiki, hlaup, þrekþjálfun og sund.

**ÍPST3AÐ02**      **Aðstoðarþjálfun**      **ÍPRF2PJ05**      **ÍPS**  
**101/111/121**

Þessi áfangi er hugsaður sem undirbúningur fyrir starf í íþróttar- eða frístundaskóla fyrir börn á aldrinum 4-12 ára eða í íþróttastarfi/frístundastarfi hjá íþróttafélögum, fyrir sama aldurshóp. Nemandinn mun setja upp æfingaáætlun í samráði við íþróttarþjálfara/kennara. Hann mun síðan þjálfa/kenna með íþróttakennara eða þjálfara. Æfingaáætlun og kennsla er metin í lok æfingakennslutímabils.

Miðað er við 40-50 klukkustunda vinnu nemanda undir stjórn þjálfara yfir eina önn.

**ÍPST3AÐ03**      **Aðstoðarþjálfun**      **ÍPRF2PJ05**      **ÍPS**  
**102/112/122**

Þessi áfangi er hugsaður sem undirbúningur fyrir starf í íþróttar- eða frístundaskóla fyrir börn á aldrinum 4-12 ára eða í íþróttastarfi/frístundastarfi hjá íþróttafélögum, fyrir sama aldurshóp. Nemandinn mun setja upp æfingaáætlun í samráði við íþróttarþjálfara/kennara. Hann mun síðan þjálfa/kenna með íþróttakennara eða þjálfara. Æfingaáætlun og kennsla er metin í lok æfingakennslutímabils.

Miðað er við 60-70 klukkustunda vinnu nemanda undir stjórn þjálfara yfir eina önn.

J

**JARÐ2JÍ05**      **Jarðfræði Íslands**      **JAR 103**

Í þessum áfanga kynnast nemendur mótun innri og ytri afla á landið. Fjallað verður fræðilega um þau ferli sem móta jörðina og fræðin tengd við þau ummerki sem nemendur sjá í umhverfinu. Þeir læra að þekkja ummerkin og vinna verkefni tengd þeim. Einnig kynnast nemendur ýmsum



aðferðum jarðkönnunar og mælitækjum tengdum þeim. Þá er fjallað um hagnýtingu jarðefna, jarðvarma og vatnsafls.

#### JARÐ2VV05

#### **Vatn og veður**

(EÐLI2AV05)

JAR 213

Í þessum áfanga rannsaka nemendur eðli og eiginleika lofthjúps jarðar, hafsins og jökla. Fjallað er ítarlega um veður, úrkomu, lægðir og önnur fyrirbrigði andrúmsloftsins, loftslag og loftslagsþróun, myndun og bráðnun jökla og tengsl við jarðsögu Ísaldar á Íslandi. Nemendur vinna einnig verkefni um kenningar um loftslagsbreytingar og áhrif mannsins á veðurfar og geislun. Meðal efnisþátta eru efnasamsetning og lagskipting lofthjúpsins, geislun, hiti og orka lofthjúpsins, þrýstingur, vindar og vindakerfi, myndun skýja og úrkomu, loftmassar og skil, lægðir og hæðir, loftslag og loftslagsrannsóknir, loftslags- og gróðurbelti, loftslagsbreytingar, Ísaldir, hafið og hafsbótinn, selta, sjávarhiti, sjávarstraumar, hafís, hafefnafræði, lífsskilyrði í sjónum, eðli og hreyfing jökla, Ísaldir og orsakir þeirra, gróðurhúsaáhrif og ósoneyðing.

## K

#### KNAT1AP03

#### **Afrekspjálfun í knattspyrnu**

KNA 102

Um afreksíþróttaráfanga er að ræða, þar sem nemandinn æfir sína íþrótt 6 – 8x í viku með fullu skólanámi. Nemendur geta tekið hann sem stigvaxandi afrekspjálfun í alls 8 skólaánnir jafnhliða æfingum með sínu félagsliði, eða sem einstakan áfanga inn í óbundið val.

Lögð er áhersla á að vinna með einstaklinginn með það markmið að efla tæknilega getu hans í knattspyrnu. Sett eru skýr einstaklingsmarkmið í upphafi áfangans, byggð á mælingum og mati kennara. Að þeim er síðan unnið með skipulegum hætti út önnina. Árangur nemandans er síðan metinn á grundvelli þeirra mælitækja sem notuð eru.

Nemendur áfangans gangast undir mikið æfingaálag. Strangar mætinga- og agareglur gilda jafnframt í áfanganum, með það að markmiði að nemandinn finni það skýrt hvað þurfi til þess að verða afreksíþróttamaður í fremstu röð.

Nemendur skrifa undir samning um bann á notkun hvers kyns vímuefna. Brot á þeim samningi veldur brottvísun úr áfanganum, að undangenginni aðvörun og tilraunum til úrbóta.

#### KYNJ2KK05

#### **Kynjafræði**

Í áfanganum er viðfangsefnið kynjafræði sem er þverfagleg fræðigrein sem á rætur sínar í félagsfræði og stjórn málafræði. Kynjafræðin verður kynnt sem fræðileg og hagnýt umræða um mannlegan veruleika út frá grundvallarbreytunni; kyn. Farið verður í sögu jafnréttisbaráttu kvenna, rauðsokkur, femínisma, getnaðarvarnir, fóstureyðingar, kynlíf og mótun kynverundar. Auk þess verður fjallað um móðurhlutverkið, föðurhlutverkið, klámvæðingu, og birtingarmynd kynjanna í fjölmiðlum, stjórnkerfi og hversdagslífi. Megináhersla verður á að tengja kynjafræðina á hagnýtan hátt við aðrar greinar og daglegt líf nemenda og hjálpa þeim að nota 'kynjagleraugun' (sjónarhorn kynjafræðinnar) á fjölmiðla, heilbrigðiskerfi, skólagöngu, vinnumarkað og frávíkshæðun s.s. vændi, ofbeldi og afbrot.

### KÖRF1AÞ03

#### Afrekspjálfun í körfuknattleik

KÖR 102

Um afreksíþróttaráfanga er að ræða, þar sem nemandinn æfir sína íþrótt 6 – 8x í viku með fullu skólanámi. Nemendur geta tekið hann sem stigvaxandi afrekspjálfun í alls 8 skólaánnir jafnhliða æfingum með sínu félagsliði, eða sem einstakan áfanga inn í óbundið val.

Lögð er áhersla á að vinna með einstaklinginn með það markmið að efla tæknilega getu hans í körfuknattleik. Sett eru skýr einstaklingsmarkmið í upphafi áfangans, byggð á mælingum og mati kennara. Að þeim er síðan unnið með skipulegum hætti út önnina. Árangur nemandans er síðan metinn á grundvelli þeirra mælitækja sem notuð eru.

Nemendur áfangans gangast undir mikið æfingaálag. Strangar mætinga- og agareglur gilda jafnframt í áfanganum, með það að markmiði að nemandinn finni það skýrt hvað þurfi til þess að verða afreksíþróttamaður í fremstu röð.

Nemendur skrifa undir samning um bann á notkun hvers kyns vímuefna. Brot á þeim samningi veldur brottvísun úr áfanganum, að undangenginni aðvörun og tilraunum til úrbóta.

L

### LEIK1LF10

#### Leikfélag Fljótsdalshéraðs SVIÐ1GT5 eða LEIK1PJ5 eða þátttaka í leiklistarstarfsemi

Þátttaka í uppsetningu Leikfélags Fljótsdalshéraðs á stóru verkefni. Nemendur taka að sér þau hlutverk sem þeim er úthlutað í leik, tónlistarvinnu eða útlitshönnun sýningarinnar og vinna að þeim. Æfingatímabil verður 6 – 8 vikur og sýningar í kjölfar þess.

### LEIK1PJ05

#### Þjóðleikur

Leiklistaráfangi á fyrsta þrepi. Verkefnið er hluti af Þjóðleik á Austurlandi. Hópurinn vinnur 45 mínútna uppsetningu á nýju leikverki sem skrifað er fyrir verkefnið. Nemendur sjá sjálfir um allan leik, tæknivinnu og útlitshönnun sýningarinnar undir stjórn kennara. Tæknifólk áfangans og aðstoðarleikstjórar fara á helgarnámskeið. Áfanganum lýkur með sýningu í lok spannar og þátttöku í leiklistarhátíð Þjóðleiks.

### LEIK2LM10

#### Leikfélag ME

SVIÐ1AL5 eða LEIK1PJ5 eða  
LEIK1FL10 eða þátttaka í uppsetningu  
leikverks eða leiklistarnámskeið

Áfanginn gengur út á ítarlega greiningu, persónusköpun og senuvinnu úr einu leikverki. Farið verður í ýmsar aðferðir til uppsetningar á atriðum verksins og rannsókna á innra lífi persónanna með rannsóknarvinnu, spunavinnu og öðrum aðferðum. Leikrit verður lagt til grundvallar en hvert það verður ræðst af fjölda þátttakenda. Áfanganum lýkur með sýningu.

### LÍFF2EL05

#### Eiginleikar lífvera

Í áfanganum er almenn aðferðafræði raunvísinda kynnt nemendum sem og uppruni lífvísinda og fjölbreytileiki þeirra. Uppbygging lífheimsins er skoðuð; bygging og hlutverk lífrænna efna, frumulíffæra, frumna, vefja, líffæra og helstu líffærakerfa, með áherslu á líkama mannsins. Nemendur læra um grunnstarfsemi lífvera, ljóstíllífun og önnur mikilvæg grunnefnaskipti. Einnig er fjallað um frumskiptingu, æxlun og helstu kenningar erfðafræðinnar. Farið er yfir grundvallaratriði varðandi flokkun lífvera og nafngiftakerfi og helstu hópar lífvera kynntir nánar. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á umhverfi sínu og tengslum líffræðinnar við daglegt líf auk þess að undirbúa þá undir frekara nám í náttúrufræðigreinum.

**LÍFF2ÍS05**      **Lífríki Íslands**      **NÁTT1LE05/LÍFF2EL05**

Í áfanganum er megináhersla á að kynna lífríki Íslands og þá sérstöðu sem það hefur bæði vegna jarðsögu landsins og landfræðilegrar legu þess. Skoðaðir eru helstu hópar lífvera á landi, sjó og ferskvatni; spendýr, fuglar, fiskar, hryggleysingjar og plöntur. Lífnaðarhættir mismunandi hópa lífvera eru kynntir og helstu einkenni þeirra. Lögð er áhersla á að nemendur þekki algengar lífverutegundir á Íslandi. Einnig eru breytingar á lífríki Íslands í gegnum árin skoðaðar. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og gagnaöflun frá mismunandi miðlum. Einnig er áhersla á að nemendur miðli þekkingu sinni á skapandi hátt.

**LÍFF2VF05**      **Vistfræði**      **LÍFF2EL05**      **LÍF 113**

Markmið áfangans er að kynnast vistfræði, sögu hennar, helstu hugtökum og rannsóknaraðferðum. Fjallað er um uppbyggingu vistkerfa og mótun þeirra, tengsl lífvera við aðrar lífverur sem og lífvana umhverfi, orkuflæði vistkerfa og efnahringrásir. Litið er til sjálfbærrar nýtingar stofna og lífrænna auðlinda ásamt því að skoða helstu rök fyrir náttúruvernd. Rætt er um áhrif vistfræðilegra þátta á aðlögun, þróun og hæfni lífvera. Fjallað er um líffræðilegan fjölbreytileika og breytingar á tegundasamsetningu líffélaga, bæði af náttúrulegum orsökum og af völdum manna.

**LÍFF3LE05**      **Lífeðlisfræði**      **LÍFF2EL05**      **LÍF 103**

Í þessum áfanga er gerð grein fyrir grunninntaki lífeðlisfræði og fjallað almennt um líkamsstarfsemi lífvera með megináherslu á lífeðlisfræði mannlíkamans. Skoðuð er innri starfsemi frumna og hlutverk frumulíffæra skilgreind. Fjallað er um boðflutning um bæði hormónakerfið og taugakerfið. Blóðrás og önnur flutningskerfi eru einnig skoðuð sem og varnarkerfi, úrgangslösunarkerfi, næringarnám og melting. Farið er í stoðkerfi og hreyfingu, skynjun, æxlun og fósturproskun. Fjallað er um hvert líffærakerfi fyrir sig með megináherslu á byggingu þeirra og virkni í mannlíkamanum, einnig eru þau borin saman við líffærakerfa annarra lífvera eftir því sem við á. Fjallað er um heilbrigða starfsemi líkamans sem og algeng frávík eða sjúkdóma. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á starfsemi eigin líkama og geti tekið frekari ábyrgð á lífnaðarháttum sínum og viðhaldið heilbrigði sínu. Auk þess að tengja lífeðlisfræðina daglegu lífi nemenda eru þeir undirbúnir fyrir frekara nám í lífeðlisfræði og skyldum greinum.

**LÍFF3EF05**      **Erfðafræði**      **LÍFF2EL05**      **LÍF 203**

Í áfanganum er fjallað um sögu erfðafræðinnar, stöðu hennar og mikilvægi í nútímasamfélagi. Farið er í helstu grunnhugtök og viðfangsefni erfðafræðinnar. Erfðafræðikenningar Mendels eru skoðaðar og tengdar við þekkingu okkar í dag. Mismunandi litninga- og genabreytingar eru kynntar. Próteinmyndun er rakin frá DNA og uppbygging erfðaefnisins skoðuð ítarlega. Virkni gena, erfðatækni og siðferði erfðarannsókna eru einnig umfjöllunarefni. Lögð er áhersla á að nemendur skilji hvernig erfðaeefnið er uppbyggt, hvernig það flytur upplýsingar frá einni kynslóð til annarrar og hvernig einföld erfðalögmál virka. Áhrif erfðaefnis á fjölbreytileika lífvera og þróun er einnig áhersluatriði auk þess að nemendur þekki nokkra algengustu erfðasjúkdóma mannsins. Fjallað er um mikilvægi grundvallarþekkingar á erfðafræði í daglegu lífi, hraða þróun erfðatækni og möguleika framtíðarinnar.

**LÍFF3LB05 Lífis- og þjálfraði ÍPRF2BJ05 eða LÍFF2EL05 ÍÞF 303**

Áfangamarkmið: Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur læri um starfsemi hjarta og blóðrásarkerfis, lungna og taugakerfis og áhrif markvissrar þjálfunar á þessi líffærakerfi. Einnig verður fjallað um gerð vöðvaþráða og áhrif mismunandi þjálfunar á starfsemi þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á að tengja lífísfræði við íþróttaiðkun.

Í áfanganum verður fjallað um þol, kraft, hraða og liðleika. Farið verður yfir kannanir tengdar þrekþáttum. Komið er inn á tækni og tækniþjálfun íþróttamanna. Nemendur fræðast um skipulag þjálfunar íþróttamanna og mikilvægi markmiðssetningar í tengslum við áætlanagerð. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur.

**LÍFF3VB05 Vöðvar og bein ÍPRF2BJ05 eða LÍFF2EL05 ÍÞF 203**

Í áfanganum verður fjallað um starfsemi mannlíkamans með áherslu á bein og vöðva. Sérstök áhersla verður lögð á þau líffæri og líffærakerfi sem tengjast hreyfingum mannlíkamans. Fjallað verður um bein, bönd og liðamót, liðfleti og liðpoka. Einnig verður fjallað um hreyfingu í liðamótum og stefnu hreyfinga. Fjallað verður um einstaka vöðva, upptök þeirra, festu og starf. Fjallað er um hugtök og grundvallaratriði hreyfifræðinnar og komið inn á tækni íþróttageina. Enn fremur er fjallað um rétta lyftitækni, starfsstillingar og hreyfingar við vinnu.

**LÍFS1BE05 Borgaravitund, einstaklingur LKN 103**

Efni áfangans eru fjölbreyttir þættir sem snerta daglegt líf og tengsl nemenda við samfélag sitt. Eftirfarandi viðfangsefni tilheyra námsefni áfangans:

- Sjálfsmynd; auka þekkingu og skilning á sjálfum sér, meta og efla sjálfstraust, samskiptafærni, skilgreina áhugasvið og eigin hæfni á ýmsum sviðum.
- Lífsstíll; þar er farið í forvarnafræðslu um vímuefni, áfengi, átraskanir, mataræði og svefn. Auk þess kynheilbrigðisfræðsla frá Ástráði.
- Tjáning; farið verður í framkomu og tjáningu eigin skoðana.
- Náms- og starfsfræðsla; lögð áhersla á áttthagafræði framhaldsskólakerfisins s.s. skólakerfið, námsleiðir, námsmarkmið, sjálfsþekking, námstækni, vinnubrögð og gerð námsáætlana.

**LÍFS1BS05 Borgaravitund, samfélag**

Efni áfangans eru fjölbreyttir þættir sem snerta daglegt líf nemenda og tengslin við samfélagið. Þeir þættir sem verða teknir til umfjöllunar eru:

- vinnumarkaður; réttindi og skyldur, ferilskrár, starfsumsóknir og atvinnuviðtöl
- fjármálalæsi; eigin fjármál, neysluviðmið, fjárhagsaðstoð
- umhverfismál; sjálfbærni, náttúruauðlindir, umhverfissiðfræði og -vitund og neysluvenjur
- borgaravitund; jafnrétti, staðalmyndir og lýðræði, alþjóðasamfélagið og fjölmennning
- tjáning; flutningur formlegra og hálf-formlegra erinda.

### LJÓS2AT05

#### **Aðferðir og tjáning**

MYL 222

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum ljósmyndunar til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningu fyrir umheiminum. Þeir taka ljósmyndir, framkalla filmuna, stækka myndir og ganga frá þeim til sýningar. Áhersla er lögð á meðvitund nemenda um inntak og uppbyggingu bæði innan einstakra mynda og í samhengi innan myndraða. Hér eru nemendur hvattir til að skoða þá sýn sem myndir þeirra birta af umheiminum. Tveir þættir vega því þyngst í vinnunni: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum innan ákveðins ramma sem kennari ákveður, hér taka nemendur myndir, skoða og vinna til sýningar; og hins vegar ferlið skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og valin verk úr ljósmyndasögunni með tilliti til inntaks og mynduppbyggingar. Áætlað er að áfanganum ljúki með ljósmyndasýningu í lokin á veggjum skólans þar sem sýndar verða bæði svart/hvítar myndir framkallaðar í myrkrakompu og digital litmyndir prentaðar á ljósmyndapappír.

### LJÓS3ST05

#### **Stafræn ljósmyndun**

LJÓS2AT05

Um er að ræða framhaldsnámskeið í ljósmyndun fyrir þá sem þegar hafa náð góðum tókum á grunninum í ljósmyndataekni. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu atriði stafrænnar ljósmyndunar og er markmið námsins að nemendur bæti við tæknilega kunnáttu og listræna getu. Í tæknilega hluta námsins verður nemendum kennt nánar á stillingar á myndavélinni, hvernig á að hlaða niður myndum og vista og réttan hátt. Þá er einnig farið í það hvernig megi laga myndir og vinna stafrænar skrár sem nýttar eru í mismunandi tilgangi svo sem fyrir tölvupóst, netvinnslu, skjávarpa og fleira. Einnig verður farið yfir prentun mynda. Í áfanganum verður farið í ljósmyndaferð og síðan unnið úr afraktsrinum. Skoðað verður hvernig nemendur geta notað ljósmyndir sem listrænan miðil bæði sem stakar myndir þar sem myndbygging og sjónarhorn eru skoðuð og eins hvernig röð mynda getur sagt áhrifaríka sögu. Nemendur munu kanna, ræða og rannsaka stakar myndir og hvernig maður tekur betri myndir. Þá verður einnig unnið í ljósmyndastúdíói þar sem farið er yfir notkun á stúdíó- flössum og grunnurinn í stúdímyndatökum skoðaður. Ljósmaeling og mismunandi ljósmaelikerfi verða einnig skoðuð, RAW vinnuferlið, Lightroom o.fl. Þátttakendur þurfa að hafa DSLR myndavél og helst ferðatölvu með uppsettu Photoshop eða sambærilegu myndvinnsluforriti.

### LOKA3VE05

#### **Lokaverkefni**

150 einingar

Áfanginn er unninn á síðasta námsári. Nemandi velur sér viðfangsefni og skipuleggur í samráði við leiðbeinanda. Hægt er að útfæra verkefnið á ýmsan hátt, s.s. í formi ritgerðar, vefsíðu, heimildamyndar, sýningar, tímaritsgreinar, bókagerðar, portfolio, útvarpsþáttar eða rannsóknarskýrslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinubrögð. Gert er ráð fyrir að

nemandi velji efni tengt sinni braut þótt mögulegt sé að víkja frá þeirri reglu. Afrakstur allra lokaverkefna er kynntur innan ME í annarlok og birtur á heimasíðu skólans. Einnig er æskilegt að verkefni séu gerð sýnileg í nærsamfélaginu. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi.

### LSTR1LS05 Listir á líðandi stundu

Um er að ræða kynningu á listum og menningu í samtímanum með skapandi verkefnum, fyrirlestrum og ýmsum uppákomum. Markmiðið er að nemendur fái að kynnast fjölbreytni í listsköpun og læra að njóta lista- og menningarviðburða. Leitast verður við að kynna allar listgreinar með ýmsum hætti og í tengslum við þær listrænu uppákomur sem eru í gangi hverju sinni í fjórðungnum. Farið verður í vettvangsferðir, lista- og minjasöfn heimsótt og unnin verða stutt verkefni út frá heimsóknunum, bæði verklega og skriflega. Kallað verður eftir samstarfi við menningarmiðstöðvar fjórðungsins og ýmsir listamenn og hönnuðir kynna nemendum starfsvettvang sinn á vinnustofum þeirra, með listrænum uppákomum og með fyrirlestrum í ME.

M

### MARG2MI05 Myndmiðlun og grafísk hönnun SJÓN1TE05 Góð tölvukunnátta

Í áfanganum lærir nemandinn hvernig hann getur tjáð hugmyndir sínar myndrænt með ýmiss konar efnum og áhöldum. Kennt er á grafísk áhöld og margs konar efni sem nemandinn getur nýtt sér við vinnu sína. Hann kynnist því hvernig nota á mismunandi hjálpartæki t.d. myndavélar, myndbandstökuvélar, sjónvarpsskjá, tölvu og tilheyrandi hugbúnað. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja kynna sér möguleika hönnunar- og myndvinnsluforritanna InDesign, og Photoshop eða sambærilegs opins hugbúnaðar. Markmið áfangans er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu til að takast á við tvívíð grafísk hönnunarverkefni s.s. bæklinga, plagöt og bækur með InDesign og hafi náð tökum á undirstöðuatriðum í myndvinnslu með Photoshop. Unnin verkefni í grafískri útlitshönnun, fjallað um leturgerðir og liti. Unninn fjöldi verkefna sem miða að því að þroska myndræna skynjun nemenda, gæðamat og gagnrýna hugsun. Í lok áfangans er eitt lokaverkefni og nemendur hafa frjálssar hendur með að nota verklag sem hentar og nota ýmis jaðartæki.

### MARG2SM05 Stafræn miðlun Góð tölvukunnátta

Í áfanganum læra nemendur helstu atriði í myndvinnslu, vektorteikningu og grafískri uppsetningu. Nemendur fá einnig að kynnast áhöldum tæknismiðju í gegnum verkefni sem unnin eru í tölvustýrðum jaðartækjum. Áfanginn er hugsaður sem inngangur að grafískri hönnun, myndvinnslu ásamt möguleikum smiðjunnar til að koma hugmyndum í framkvæmd. Í áfangum verður kennt á forritin Photoshop, Illustrator og önnur forrit sem tengjast tæknismiðjunni. Farið verður yfir helstu möguleika myndvinnsluforritanna jafnframt því sem nemendur leysa verkefni upp á eigin spýtur með aðstoð kennara. Markmiðið er að við lok áfangans hafi nemendur fengið undirstöðuþekkingu til að takast á við grafísk hönnunarverkefni. Unninn er fjöldi verkefna sem miða að því að þroska myndræna skynjun, gæðamat og gagnrýna hugsun.

**MATR1AM05** Matreiðsla og bakstur **MAT 103**

**MYNL2FO5** Tvívíð formfræði, myndbygging og málun **SJÓN2LF05**  
**MYL 202**

Í áfanganum vinna nemendur að því marki að efla næmi sitt fyrir litanotkun og myndbyggingu á tvívíðum fleti og dýpka skilning sinn á meginatriðum hennar. Auk eigin athugana á eðli og möguleikum myndbyggingar, með notkun línu, flata og áferða, gera nemendur samanburð á eigin tilraunum og notkun myndbyggingar í ýmsum myndum úr umheiminum, svo sem ljósmyndum, myndlistarverkum og auglýsingum. Með þessu er reynt að meta hvernig mismunandi áhrifum er náð með ólíkri myndbyggingu og hvaða þátt myndbyggingin á í merkingu myndar. Nemendur vinna m.a. verkefni út frá nánasta umhverfi, bæði innan húss og utan og skila af sér myndaseríu unna með mismunandi tækni; ljósmyndun, skissugerð, vatnslitum, akríllitum og olíulitum. Einnig verður rýnt í verk og aðferðafræði þekktra listamanna frá ýmsum ólíkum tímabilum í listasögunni og unnin verkefni út frá þeirri skoðun. Samhliða rannsóknarvinnunni eru reglulegar umræður þar sem nemendur kynna niðurstöður sínar og gagnrýna hver annan á uppbyggilegan hátt. Tölvur skulu að einhverju leyti nýttar í vinnu áfangans til myndgreiningar og gagnsöfnunar.

### MYNL3FM05

#### Frjáls málun

#### SJÓN1TE05 og SJÓN2LF05

Ætlað nemendum með undirstöðu í málun og teikningu. Í upphafi áfanga eru lögð fyrir verkefni þar sem reynir á teikni- og myndskipunarkunnáttu. Einnig eru frjáls viðfangsefni. Mikilvægt er að nemendur hafi góðan grunn í teikningu, myndbyggingu og formfræði og séu búnir með báða sjónlistaáfanga skólans eða annað sambærilegt. Gerðar verða fjölbreyttar æfingar sem stuðla að betri skilningi á eðli og áhrifum lita. Sérstök áhersla verður lögð á litafjarvídd og dýpt í málverki. Verkefnin verða tengd við dæmi úr listasögunni. Farið verður í ljósmyndaferð og unnið verður upp úr afrakstri hennar. Sérstök áhersla á skynjun, greiningu og blöndun lita. Skoðaðar verða ýmsar leiðir til að stækka upp og nýta sér ljósmyndina í málverki. Áhersla lögð á þjálfun í litgreiningu og litablöndun. Í seinni hluta áfangans er unnið í frjálsri málun. Fjallað er um efnasamsetningu lita og íblöndunarefna og þau efni sem málað er á. Einnig er fræðsla um pensla og önnur verkfæri tengd málun.

### MYNL3PR05

#### Þrívíð hönnun - skúlptúr

#### SJÓN1TE05 og SJÓN2LF05

#### MYL 303

Þrívíð verkefni verða unnin frá hugmynd til útfærslu. Leitast er við að dýpka skilning nemenda á meginatriðum þrívíðrar myndbyggingar um leið og næmi fyrir mismunandi eiginleikum efna er eflt. Hönnunarsagan skoðuð í tengslum við verkefnin. Þjálfun í þeirri skissu- og hugmyndavinnu sem öll myndræn sköpun byggist á, hvort sem um er að ræða hönnun eða frjálsa myndlist. Í áfanganum er unnið með grunnforsendur tvívíðrar myndbyggingar og þrívíðrar hönnunar. Fjölbreyttar æfingar eru gerðar til að kanna myndflötinn, skoðað hvernig form og hlutföll hafa áhrif á jafnvægi hans og áhersla breytist eftir því hvernig lína og form skipta fletinum upp. Unnið er með hugtök eins og hrynjandi, jafnvægi og ójafnvægi, léttleika og þunga bæði í rými og í tvívíðum verkum. Einnig er kannað með endurtekningu hvernig hægt er að byggja upp mynstur á fleti og kenningar hönnuðarins William Morris kannaðar í því sambandi. Einnig er módernisminn í lista-, hönnunar og byggingarlistasögu lagður til grundvallar verkefnum.

N

### NÁTT1JU5

#### Kynning á jarð- og umhverfisfræði

#### NÁT 113

Í áfanganum er farið í þá þætti jarðfræðinnar sem tengjast daglegu lífi nemenda og eðlisfræðin á bak við þá skýrð með einföldum hætti. Sérstök áhersla er lögð á jarðfræði Íslands og umhverfismál. Dæmi um umfjöllunarefni eru sólkerfið okkar, hringrásir efna á jörðinni, veðrakerfi, loftslagsmál, hafstraumar, flekarek, eldvirkni, jarðskjálftar, landmótun og nýting náttúruauðlinda. Þá verða þau vandamál sem mannkyn stendur frammi fyrir um þessar mundir varðandi nýtingu náttúruauðlinda, mengun og loftslagsbreytingar sérstaklega skoðuð.

### **NÁTT1LE05** Kynning á líf- og efnafræði

**NÁT 103**

Meginviðfangsefni áfangans er að kynna nemendum líffræði og efnafræði frá mismunandi sjónarhornum og tengja þessar vísindagreinar daglegu lífi þeirra. Í áfanganum er almenn aðferðafræði náttúru- og raunvísinda einnig kynnt fyrir nemendum. Efnafræðin og líffræðin eru fléttaðar saman og uppbygging lífheimsins skoðuð allt frá atómi upp í flókna lífveru (t.d. manninn). Í efnafræðinni er s.s. uppbygging atóms skoðuð, sem og frumefni, efnasambönd, eiginleikar efna, efnatákn, heiti efna og efnahvörf með áherslu á efni líkamans. Í líffræði verður bygging og starfsemi frumna, vefja, líffæra og helstu líffærakerfa skoðuð með áherslu á líkama mannsins. Nemendur læra um grunnstarfsemi lífvera, flokkun þeirra, æxlun og erfðafræði. Einnig verða grundvallaratriði vistfræði kynnt með áherslu á umhverfi nemenda og sjálfbærni. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á tengslum líffræðinnar við daglegt líf.

### **NÆRI2ON05** Orka og næringarefni

**ÍÞF 242**

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á grundvallaratriðum næringarfræðinnar og samspili næringar, heilsu og íþróttaiðkunar. Fjallað er um næringarþörf mannsins, næringargildi og samsetningu helstu matvara. Farið verður í uppbyggingu og samsetningu próteins, fitu og kolvetna. Fjallað um vatn, vítamín og steinefni og gerð grein fyrir gildi þessara efna í fæðunni. Matseðlar metnir og samdir og reiknað næringargildi út frá töflum. Fjallað er um áhrif matreiðsluaðferða á næringargildi.

R

### **RANN3EM05** Eigindlegar og meginlegar rannsóknir

**STÆR2TÖ05**

**FÉLA2SS05**

**SÁLF2SS05**

**UPPE2SS05**

Fjallað verður um helstu rannsóknaraðferðir félagsvísinda og rætt um kosti þeirra og galla. Kenningafræðilegur bakgrunnur rannsóknaraðferða verður skoðaður ásamt því hvernig ólíkar aðferðir tengjast mismunandi sjónarmiðum innan félagsvísinda. Fjallað verður um eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir og fá nemendur að kynnast þessum ólíku rannsóknarhefðum með því að beita þeim sjálfir á rannsóknarefni að eigin vali. Rætt verður um aðferðafræðileg og siðferðileg vandamál tengd rannsóknum og sú umræða tengd umfjöllun um niðurstöður rannsókna. Rannsóknarferlinu er lýst og fjallað um úrvinnslu, greiningu og kynningu niðurstaðna. Meginmarkmið áfangans er að nemandinn öðlist meiri skilning, þekkingu og áhuga á kenningum og rannsóknaraðferðum til þess að hann verði fær um að meta, taka afstöðu til og fjalla um rannsóknir félagsvísindamanna á gagnrýninn hátt.



## S

### [SAGA1MF05](#) Mannkynssaga, fyrri hluti SAG 103

Þetta er fyrri kjarnaáfanginn. Hér er sögunni fylgt frá fornöld og fram til um 1800 e.Kr, hér er þó að mestu leyti um að ræða sögu vestrænnar menningar. Áhersla er lögð á 6 ákveðin tímabil/efnisatriði þar sem um ákveða dýpkun verður að ræða, ætlunin er að nemendur fái sem heilstæðasta mynd af þróun sögunnar frá fornöld til upphafs nútímans.

### [SAGA2ÁN05](#) 18. öld til nútímans SAGA1MF05 SAG 203

Þetta er seinni kjarnaáfanginn, en hér er haldið áfram þar sem frá var horfið í SAGA1MF05 og sögunni fylgt eftir fram til okkar daga, það tímabil sem hefur verið kennt við nútíma, frá upplýsingaröld til líðandi stundar. Ekki er um að ræða sögu tímabilsins í heild sinni heldur eru ákveðnir þættir valdir úr, svo sem lífskjör, menning, lífsþættir og stjórnámál. Eins og í SAGA1MF05 er hér að mestu um sögu vestrænnar menningar að ræða.

### SAGA2FO05 Fornleifafræði FÉLV1ÞF05

Í áfanganum er fornleifafræði tekin til sérstakrar skoðunar. Fjallað verður um fornleifafræði sem fag og helstu fornleifafundi í landsfjórðungnum. Skoðuð verða þekkt gjóskulög á svæðinu og hvernig þau tímasetja fornleifafundi. Einnig verður *landið lesið* í gegnum loftmyndir. Lögð er áhersla á að nemandinn skrifi stóra ritgerð um fornleifafund/rannsókn að eigin vali, einnig verða unnin minni verkefni í tímum. Leitast er við að gera verkefni nemenda sýnileg.

### [SAGA2ÍP05](#) Íþróttasaga ÍÞRF2ÞJ05 eða SAGA1MF05 ÍÞF 232

Í áfanganum er farið yfir helstu atriði í íslenskri íþróttasögu. Komið er inn á helstu þætti í erlendri íþróttasögu s.s. Ólympíuleika og ýmsar greinar íþróttar. Einnig er komið inn á íþróttir Grikkja, íþróttir Etrúra og íþróttir Rómverja.

Fjallað er um gildi og hlutverk íþróttar í nútímasamfélagi. Komið er inn á félagslegar rannsóknir á sviði íþróttar á Íslandi, áhrif fjölmiðla á þróun íþróttar, kynjamun og íþróttaiðkun, ásamt tengingu fjármagns og auglýsinga við íþróttir. Fjallað er um stefnur í íþróttum, s.s. afreksmannastefnu íþróttahreyfingarinnar og afreksmannasjóð. Vikið er að skipulagningu íþróttahreyfingarinnar og uppbyggingu héraendis og hvernig við tengjumst heimssamtökunum.

### [SAGA2LI05](#) Menningar- og listasaga LSTR1LS05 MYS 103 frá miðöldum

Í áfanganum læra nemendur um forsendur sjónlista, tónlistar og sviðslista frá miðöldum og fram yfir miðja 19. öld. Markmið áfangans er að nemandinn geri sér grein fyrir eðli þeirra þátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina. Áfanganum er skipt upp í nokkrar lotur þar sem nemendur kynnast og vinna heildrænt með menningarsamhengið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma. Þær listastefnur/tímabil listasögunnar sem verða helst skoðaðar hér eru; miðaldir, endurreisn, barokk, klassík og rómantíska tímabilið.

Nemendur rannsaka hvert þema undir stjórn kennara, greina helstu þætti listgreinanna, menningar og þjóðfélagshátta á hverju tímabili. Þeir skoða alla þætti listalífsins; myndlist, handverk, hönnun, tónlist, dans og leiklist, hvern í samhengi við annan og við félagslegt og

heimspekilegt umhverfi. Einnig eiga nemendur að gera grein fyrir eigin menningarheimi og rannsaka íslenskan veruleika á hverju tímabili fyrir sig og kynna í niðurstöðum sínum eins og unnt er.

**SAGA2ML05**

**Menningar- og listasaga LSTR1LS05  
frá 19. öld**

**MYS 203**

Markmið áfangans er að nemandinn geri sér grein fyrir eðli þeirra þátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina. Í áfanganum læra nemendur um forsendur sjónlista, sviðslista og tónlistar frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld eða allt til samtímans. Áfanganum er skipt upp í nokkrar lotur þar sem nemendur kynnst og vinna heildrænt með menningarsamhengið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma. Helstu straumar og stefnur; s.s. impressionismi, expressionismi, súrrealismi, nýklassík, módernismi/nútimalist, popplíst, minimalismi og póst-módernismi.

Nemendur rannsaka hvert þema undir stjórn kennara, greina helstu þætti listgreinanna, menningar og þjóðfélagsháttanna á hverju tímabili og kynna síðan verkefni sín hver fyrir öðrum. Þeir skoða alla þætti listalífsins, myndlist, handverk, hönnun, tónlist, dans og leiklist, í tengslum við félagslegt og heimspekilegt umhverfi á hverjum stað og tíma. Einnig eiga nemendur að gera grein fyrir eigin menningarheimi og rannsaka íslenskan veruleika á hverju tímabili fyrir sig og kynna í niðurstöðum sínum eins og unnt er.

**SAGA2PJ05**

**Þjóðfræði**

**FÉLV1PF05**

Fjallað er í grundvallaratriðum um þrískiptingu þjóðfræðinnar í þjóðháttufræði, þjóðlífsfræði og þjóðsagnafræði. Nemendur læra um daglegt líf í íslenska bændasamfélaginu, ýmsa þætti í verkmenningu þess samfélags meðal karla, kvenna og barna til sjávar og sveita. Farið er í menningarlíf bændasamfélagsins og fjallað m.a. um helstu siði, venjur, trú og hjátrú.

Nemendur læra um helstu flokka þjóðsagna og uppruna íslenskra ævintýra, hlutverk þjóðsagna fyrir samfélagið og fá innsýn í helstu atriði við greiningu þjóðsagna. Áhersla er lögð á þjóðsögur úr nærumhverfinu þar sem reynt er að draga fram sérkenni austfirskra sagna. Hugtakið þjóðsagnahefð er tekið til umfjöllunar og tengsl þjóðsagna við samfélagið skoðuð. Lesnar eru nokkrar nútíma flökkusögur og rætt um hlutverk þeirra.

Meginmarkmið áfangans er að nemendur geri sér grein fyrir alþýðumeningu íslenska bændasamfélagsins og geti lagt gagnrýnið mat á þýðingu hennar fyrir nútímann.

**SAGA3AU05**

**Saga Austurlands**

**SAGA2ÁN05**

**SAG 383**

Í áfanganum er saga Austurlands tekin til sérstakrar skoðunar. Farið er yfir helstu einkenni sögulegrar þróunar í landshlutanum og síðan valdir nokkrir þættir og um þá fjallað sérstaklega. Lögð er áhersla á að tengja umfjöllunarefnið umhverfi nemenda með námsferðum á sögustaði. Farið er í safnaheimsóknir og rannsóknir á sviði sagnfræði og fornleifafræði sem snerta Austurland gerð sérstök skil. Í áfanganum er gert ráð fyrir heimsóknum gestafyrirlésara sem fjalla um afmörkuð efni.

Áfanganum er ætlað að vera inngangur að sagnfræði og því lögð áhersla á að nemandinn skrifi stóra ritgerð. Lögð er áhersla á öflun gagna með fjölbreyttum hætti meðal annars með viðtölum. Í áfanganum er leitast við að vera í sambandi við samfélagið og það helsta sem er að gerast í þeim efnum sem tengjast viðfangsefni áfangans, meðal annars möguleika á menningartengdri ferðabjónustu. Þá má nefna samstarf við söfn á Austurlandi og verkefni sem þar geta boðist.

Leitast er við að gera verkefni nemenda sýnileg og má þar nefna að nokkur verkefni nemenda hafa verið gefin út í tímaritum þeim sem fjalla um málefni Austurlands.

**SAGA3ME05 Menningarsaga SAGA2ÁN05 SAG 303**

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið til fjölbættar menningarlegrar könnunar. Þetta er verkefnavinna þar sem nemendur kryfja viðfangsefni í ljósi margra þátta, t.d. myndlistar, bygginga, tækni, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar. Ætlunin er að nemendur skapi sér mynd af því sem fengist er við með því að kynna sér frumtexta, skoða samtímamyndefni og hlýða á tónlist ásamt því að tileinka sér fræðilega og skáldlega umfjöllun um efnið. Úrvinnsla og framsetning nemenda miði að því að miðla þekkingu og skilningi ásamt tilfinningu fyrir tíðaranda. Í ferlinu þarf að sundurgreina efnið, skipuleggja vinnuna, tengja efnisþætti og velja sjónarhorn. Gert er ráð fyrir að jafnaðarlega sé staldrað við og skipulega rætt um aðferðir, eðli heimilda, tengsl efnisþátta og möguleika á heildarmynd.

**SAGA3TU05 20. öldin SAGA2ÁN05 SAG 313**

Í áfanganum er farið nánar í sögu 20. aldarinnar en gert var í SAGA2ÁN05. Sérstök áhersla er lögð á átök; orsakir og afleiðingar. Fjórir megin þættir eru teknir fyrir, fyrri heimstyrjöldin, síðari heimstyrjöldin, Kalda stríðið og átök síðustu ára. Mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu og sjálfstætt nám nemenda. Áhersla verður lögð á að nemendur nýti sér fjölbreyttar heimildir, þar á meðal; munnlegar heimildir, dagblöð, sjónvarp, veraldarvefinn, skáldskap og kvikmyndir.

**SAGA3SL05 Samtímalistir í sögulegu SAGA2LI05 og SAGA2ML05 LIM 203  
sambengi**

Í áfanganum læra nemendur um forsendur samtímalista. Þeir kynast helstu hræringum í tónlist, sviðslistum, myndlist, hönnun og byggingarlist allt frá lokum 20. aldar til dagsins í dag. Meginmarkmið áfangans er að nemendur verði vel með á nótunum um stöðu sjónlista, tónlistar og sviðslista í samtíma sínum, að þeir skilji þær hugmyndir og stílbrigði sem nú tíðkast. Þeir rannsaka listgreinar samtímans í sambengi við meginþætti samfélagsgerðarinnar: stjórnarfar, fjölmiðlun, lífsgæði, hagsmuni einstakra hópa, tísku og hefðir, hugmyndafræði og heimsmynd. Innlögn í áfanganum verður í fyrirlestrarformi en auk þess er mikil áhersla lögð á sjálfstæðar rannsóknir nemenda á þeim hugmyndum sem uppi eru í listsköpun og umræður um stöðu myndlistarinnar, hönnunar, tónlistar og sviðslistanna í sögulegu ljósi.

**SÁLF2SS05 Sjónarmið og saga FÉLV1ÞF05 SÁL 103**

Ítarlega er farið í sjónarmið sálfræðinnar. Byggt er á því sem nemendur lærðu um sjónarmiðin í FÉLV1ÞF05 og leitast við að dýpka skilning og hæfni. Fjallað er um alþýðusálfræði og jákvæða sálfræði þar sem nemendur greina jákvæða og neikvæða þætti í eigin lífi og annarra og leita leiða til að bregðast við þeim. Helstu rannsóknaraðferðir sálfræðinnar eru kynntar og unnin æfingaverkefni í sambandi við þær. Nemendur vinna a.m.k. eitt viðamikið rannsóknarverkefni í áfanganum og skila skýrslu um það. Farið er í námssálarfræði þar sem kynntar eru viðbragðsskilyrðingar, virkar skilyrðingar og hugrænt nám. Einnig er fjallað ýtarlega um minni.

Tekin er fyrir þrískipting minnisins og mismunandi minnistækni. Eftir því sem færi gefst er rætt um ýmis viðfangsefni og vandamál daglegs lífs.

### [SÁLF2ÍP05](#)

### Íþróttasálfræði

### ÍPRF2PJ05 eða FÉVÍ1PF05

### ÍPF 222

Áfanginn er tvíþættur.

Fyrst er fjallað um félög og félagsstarf, stofnun þeirra, kynningarmál og samkomuhald á þeirra vegum. Þessum hluta lýkur með verkefni sem tengist efninu.

Seinna í áfanganum verður fjallað um helstu þætti íþróttasálarfræðinnar.

Skoðuð verða ýmis áreiti sem áhrif hafa á afreksgetu íþróttamanna. Ennfremur fjallar áfanginn um spennu (streitu) og helstu spennuvalda, slökun og hugrækt af ýmsu tagi. Skoðuð verður hvernig vinna má með sjálfstraust og sjálfmynd íþróttamannsins í því skyni að bæta árangur. Fjallað verður um muninn á einstaklings- og hópíþróttum og farið í áhrif félagslegra þátta á íþróttamanninn.

### [SÁLF3AF05](#)

### Afbrigðasálfræði

### SÁLF2SS05

### SÁL 303

Hugtakið geðheilbrigði er skoðuð svo og forvarnir í geðheilbrigðismálum. Nemendur fræðast um helstu flokkunarkerfi og algengustu flokka geðrænna vandamála. Fjallað er um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferð. Nemendur kynna sér einnig hvar hægt er að leita aðstoðar vegna geðræns vanda. Viðhorf gagnvart andlega fötluðum eru rædd með það fyrir augum að ýta undir virðingu, skilning og umburðarlyndi í þeirra garð. Leitast er við að fá gesti í heimsókn til að ræða um tiltekin efni tengd áfanganum.

Í áfanganum er einnig fjallað um geðshræringar og mikilvægi þeirra varðandi mannlega breytni og líðan. Farið er í streitu, einkenni hennar, áhrif á heilsu og streituþol. Nemendur meta eigin líðan og skoða þær leiðir sem í boði eru til að bæta hana.

### [SÁLF3FG05](#)

### Félagssálfræði, greind og persónuleiki

### SÁLF2SS05

### SÁL 403

Atferli, hugsanir og viðhorf eru skoðuð í félagslegu samhengi. Meðal efnisþátta sem teknir eru fyrir eru staðalmyndir, fordómar, hjálpssemi, hlýðni, félagslegur þrýstingur, ást og fortölur.

Kenningar og staðreyndir um greind, vitsmunaproska og greindarmælingar eru kynntar auk þess sem fjallað er um nokkrar gerðir greindarprófa.

Mismunandi persónuleikakenningar eru skoðuðar, fjallað um mismunandi tegundir persónuleikaprófa og gerð tilraun til að útbúa persónuleikapróf. Áhersla er lögð á að nemandi geti tekið sjálfstæða, vel rökstudda afstöðu til álitamála varðandi félagssálfræði, persónuleikasálfræði og greind.

### [SÁLF3LS05](#)

### Lífeðlis- og skynjunarsálfræði

### SÁLF2SS05

### SÁL 213

Farið er í gerð og starfsemi taugakerfis, einkum heila og taugafurmu. Hormónakerfið og tengsl hormóna við hegðun eru einnig tekin fyrir. Skynjun, lífeðlislegar undirstöður hennar og hugræn úrvinnsla er til umfjöllunar, sem og skynvillur. Fjallað er um vitund og breytt vitundarstig svo sem:

svefn, drauma, dagdrauma, dáleiðslu og vímu af völdum lyfja. Áherslur áfangans kunna að ráðast nokkuð af áhuga nemenda og kennara.

### SÁLF3PR05

#### Proskasálfræði

#### SÁLF2SS05

SÁL 203

Helstu kenningar, viðfangsefni og rannsóknaraðferðir þroskasálfræðinnar eru tekin fyrir og rýnt í alhliða þroska frá frjóvgun fram á fullorðinsár, einkum líkamsþroska, vitsmunabroska, persónuleikabroska og tilfinningabroska. Byggt er á því sem nemendur hafa áður lært um sögu og sjónarmið sálfræðinnar, rannsóknaraðferðir og nám. Kafað er ofan í mismunandi þætti þroskasálfræðinnar og helstu álitamál, s.s. erfðir og umhverfi, stigskiptan og samfelldan þroska svo eitthvað sé nefnt. Komið er inn á álitamál eins og barnseignir tánínga, fóstureyðingar o.fl. Einnig eru mótunaráhrif fjölskyldu skoðuð auk þess sem tekin eru fyrir frávíkshæðun og ýmis vandamál barna og unglínga. Viðfangsefnið geta verið breytileg og mótast af áhuga nemenda og kennara hverju sinni. Í áfanganum vinna nemendur a.m.k. eitt rannsóknarverkefni og flytja fyrirlestur.

### SJÓN1TE05

#### Teikning og merking

SJL 103

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði teikningar. Námið er í þremur hlutum. Í fyrsta hlutanum er lögð áhersla á að þjálfar formkilning með greiningu einfaldrar forma, svo sem kassa- og kúluforma og athugun á náttúruformum. Í næsta hluta einbeita nemendur sér að skoðun umhverfisins. Þeir teikna rýmið í kringum sig, innanhúss og utan, og læra þannig forsendur eins og tveggja punkta fjarvíddar. Að lokum læra þeir að teikna mannlíkamann eftir lifandi fyrirmynd. Þar læra þeir að greina rétt stærðarhlutföll líkamans, stöðu og styttingar í rýminu. Í tengslum við vinnuna í teikningu er lögð á það áhersla að nemendur reyni að gera sér grein fyrir því í hvers konar samhengi þeir gætu nýtt sér þessa þjálfun miðað við eigin áhugasvið. Þeir eru hvattir til að þróa hugmyndir sínar áfram á þessu stigi og að nota skissubækur við þá þróun. Í þessu samhengi eru þeim kynntar forsendur ták- og merkingarfræði og teikningar þeirra skoðaðar út frá dæmum um sams konar áherslur í heiminum almennt. Áhersla er lögð á umræður og að nemendur geti greint niðurstöður sínar.

### SJÓN2LF05

#### Litafræði, formfræði og myndbygging

SJL 203

Nemendur læra um vægi forma og hlutfalla í mynd á fleti og í rými. Þeir kynnast sjónrænum áhrifum þessara þátta og aðferðum við að nota þau áhrif meðvitað í myndbyggingu. Unnið er að æfingum í myndbyggingu með mismunand útfærslum. Kannaðar eru mismunandi aðferðir, þar sem fjallað er um jafnvægi, ójafnvægi, léttleika og þunga, samstæður og andstæður lita og forma. Kannaðar eru stærðir og hlutföll forma í rými og í lok áfangans er unnið frá tvívíðri formfræði yfir í þrívídd. Verkefni í myndbyggingu eru einnig tengd dæmum úr listasögu og umhverfi samtímans.

### SKYN1SE01

#### Skyndihjálp og endurlífgun

SKY 101

Kynning; hvað er skyndihjálpar?

Undirstöðuatriði; streita í neyðartilfellum, tilfinningarleg viðbrögð eftir að hafa veitt skyndihjálpar, sálrænn stuðningur og að forðast sýkingar.

Fjögur skref skyndihjálpar; tryggja öryggi á vettvangi, meta ástand slasaðara eða sjúkra, sækja hjálpar og veita skyndihjálpar.

Grunnendurlífgun og sjálfvirkt hjartastuð; að athuga viðbrögð, að opna öndunarveg, að athuga öndun, hjartahnoð og blástursaðferð, sjálfvirkt hjartastuð (AED), endurlífgunarkeðjan, hliðarlega og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi.

### SPÆN1PL05 Persónan og lífið

SPÆ 103

Í þessum byrjunaráfanga í spænsku er lögð áhersla á að nemendur nái tökum á grunnatriðum tungumálsins. Nemendur fá innsýn í útbreiðslu spænsku í heiminum og sögu tungumálsins, og læra mun á menningu og orðaforða spænskumælandi landa. Notuð verður tónlist, myndefni og efni af internetinu.

Frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í öllum málfræniþáttum: ritun og lesskilningi, hlustun og tali. Nemendur fá þjálfun í framburði, læra helstu framburðarreglur og þá bókstafi sem eru sérstakir fyrir spænska tungu. Kennð eru grunnatriði í málfræði, málnotkun, og orðaröð í spænsku. Byggður upp grunnorðaforði.

### SPÆN1DA05 Daglegar athafnir

SPÆN1PL05

SPÆ 203

Í áfanganum verður byggt ofan á þann grunn sem lagður var í SPÆN1PL05. Orðaforði mun aukast til muna og bætist við málfræðiatriði er auka munu hæfni nemenda í að tjá sig í ræðu og riti um líðandi stund og liðna tíð. Nemendur læri að tjá sig um skoðanir sínar á spænsku, mæli sér mót og ákvarði stund og stað. Þeir geti gefið upplýsingar, verslað, talað um störf, nám og framtíðarplön.

Nemendur fá fræðslu um forna menningu sem og nútímalíf spænskumælandi landa, ásamt því að öðlast meiri þekkingu og innsýn í ólíka matarmenningu og lífsstíl þeirra er hafa spænsku sem móðurmál. Einnig geri nemendur sér betur grein fyrir landfræðilegum og menningarlegum mun milli héraða Spánar og landa Latnesku Ameríku. Notast verður við kvikmyndir, tónlist og internetið til að veita nemendum myndræna og hljóðræna sýn á sérkenni spænskumælandi þjóða.

### SPÆN1FS05 Ferðalög og saga

SPÆN1DA05

SPÆ 303

Í áfanganum verður byggt ofan á þann grunn sem lagður var í SPÆN1DA05. Orðaforði mun aukast umtalsvert og ráði nemendur við flóknari og fjölbreyttari texta. Bætt verður við málfræðiatriðum er auka munu hæfni nemenda í að tjá sig í ræðu og riti um líðandi stund og liðna tíð. Nemendur læri að tjá sig með flóknari hætti um skoðanir sínar, skipuleggi og tali um ferðalög innanlands sem og í spænskumælandi löndum, tjái sig um mismunandi áætlanir og ferðamáta, kosti, galla og hættur sem þeim geta fylgt. Aukin innsýn í matarmenningu, listir, kvikmyndir og þjóðlíf.

### SPÆN2MM05 Mannlíf og menning

SPÆN1FS05

SPÆ 403

SPÆN2MM05 er fyrsti áfanginn í spænsku á öðru þrepi, og er byggt ofan á þann grunn sem lagður var í SPÆN1FS05. Nemendur halda áfram að auka færni sína í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Unnið er með efni sem býður upp á mjög fjölbreyttan orðaforða, og unnið er með nokkuð flókna texta. Nemendur geta tjáð skoðanir sínar, talað um fyrirætlanir sínar og annarra. Lokið er við yfirferð helstu atriða í spænskri málfræði.

Umfjöllunarefni eru ofarlega á baugi í spænskumælandi löndum s.s. innflytjendamál, ólíkir menningarheimar, hátíðir, kvikmyndir, o.fl. Lesin er léttlestrarbók og greinar af netinu, einnig horft á kvikmyndir sem varða þetta efni og unnin verkefni út frá því. Nemendur fá aukna þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og að tjá sig í ræðu og riti meir en áður.

Við lok áfangans eiga nemendur að vera komnir að mörkum A2 og B1 samkvæmt evrópska matsrammanum.

### **SPÆN2BK05** Bókmenntir og kvikmyndir SPÆN2MM05

**SPÆ 503**

SPÆN2BK05 er annar áfanginn í spænsku á öðru þrepi og miðast við að nemendur komist á þrep B1 í evrópska tungumálarammanum. Í áfanganum er markviss orðaforðauppbygging og þjálfun í munnlegri og skriflegri tjáningu. Skilningur á rituðu og töluðu máli er aukinn. Nemendur fræðast áfram um menningu spænskumælandi landa með sérstaka áherslu á sögu og bókmenntir Spánar í gegnum texta, bókmenntadæmi, kvikmyndir, fyrirlestra og tónlist. Lesin er léttlestrarbók og skoðuð ljóð og greinar á netinu. Þyngstu málfræðiatriðin eru þjálfuð frekar. Áhersla er lögð á ritunar- og talæfingar, munnlegar kynningar og hlustun til að þjálfna nemendur enn frekar í þeim grunni sem þegar hefur verið lagður.

**STAR1VI05** Vinnustaðanám  
Starfskynning.

### **STJÖ2AL05** Alheimurinn

**STÆR2AF05 eða HSTÆ2FT05**

**JAR113**

Viðfangsefni þessa áfanga er stjörnuhiminninn og þau fyrirbæri sem þar finnast. Fjallað er ítarlega um eiginleika rafsegulbylgja og aðferðir stjörnufræðinga við rannsóknir með þeim, mismunandi gerðir sjónauka, reikistjörnur og önnur fyrirbrigði sólkerfisins, eðli sólarinnar, líf sólstjarna frá fæðingu til dauða, vetrarbrauta, fjarfyrirbrigða, heimsmynd nútímans og leit að lífi á öðrum hnöttum. Fjallað er um geimrannsóknir og geimferðir. Nemendur læra að lesa á stjörnukort og nýta sér upplýsingatækni við stjörnuathuganir og stjörnuskoðun. Einnig er fjallað um sögu stjörnufræðinnar.

### **STÆR1BT05** Bókstafareikningur og tölur

**STÆR 162**

Helstu viðfangsefni áfangans eru náttúrulegar, heilar og ræðar tölur og aðgerðir á þeim, undirstöðuatriði algebru, veldi og rætur, lausnir jafna, óuppsettar jöfnur, lausnir verkefna og þrauta, reikniformúlur, talnahlutföll, einingaskipti, skiptireikningur, prósentur, vextir, hnitakerfið, jafna beinnar línu, jöfnur af 1. stigi og kynning á 2. stigi.

**STÆR1AR05****Algebra og rúmfræði**

Nemandi skal hafa lokið námsefni  
grunnskóla og hafa haldgóða  
undirstöðuþekkingu í stærðfræði

**STÆR 103**

Meginefni áfangans er rúmfræði, bókstafareikningur, jöfnur, beinar línur og prósentur.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru:

Rúmfræði: Kynning á frumhugtökum rúmfræðinnar, hornasumma þríhyrnings, hlutföll í þríhyrningum og regla Pýþagórasar. Flatarmál og rúmmál. Horn við hring. Hornaföll í rétthyrndum þríhyrningum. Mælieiningar. Valin atriði þar sem þjálfuð er sönnun reglu.

Talnareikningur: Meðferð heilla talna og brota. Hlutföll, prósentur og vextir.

Bókstafareikningur: Liðun, þáttun, margliður, uppsettar og óuppsettar jöfnur af fyrsta stigi.

Hnitakerfið, jafna og graf beinnar línu og jöfnuhneppi.

**STÆR2RF05 Rúmfræði, hlutföll, prósentur og fjármál STÆR1BT05**

Í áfanganum er fjallað um undirstöðuhugtök rúmfræði, einnig er fjallað um jöfnur, hlutföll, prósentur og fjármál. Helstu efnisatriði í rúmfræði þar sem fengist er við línur í þríhyrningum, hornasummu, flatarmál, einshyrnda þríhyrninga, reglu Pýþagórasar og hornaföll. Lausnir fyrsta stigs jafna. Fjármál þar sem unnið er með prósentureikninga, álagningu, afslátt, virðisaukaskatt, vexti, vaxtavexti, verðbólgu, vísitölur, verðtryggingu og önnur hagnýt atriði sem snerta fjármál einstaklinga.

**STÆR2LÆ05****Fjármálalæsi og tölfræði STÆR1BT05****STÆR 202**

Meginefni áfangans er jöfnur, gröf og föll, tölfræði, líkindareikningur, prósentur og fjármál.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: Jöfnur: Lausn fyrsta stigs jafna. Gröf og föll:

Lesið úr gröfum, hlutföll, fallhugtakið, bein lína, veldisvísiföll og stærðfræðilíkon. Tölfræði: Lesið úr töflum, línu-, stöpla- og skífuritum, slík rit teiknuð einkum með aðstoð töflureiknis. Meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og tíðni, unnið með gagnasöfn. Einföld framsetning og formúlur í töflureikni. Tölfræðirannsóknir, þýði, úrtak, óvissuvaldar í tölfræðirannsóknnum og misnotkun á tölfræði.

Líkindareikningur: Einfaldar og margbrotnari slembitilraunir, líkindatré, fylliatburðir.

Fjármál: Prósentureikningur tengdur fjármálum, álagning, afsláttur, virðisaukaskattur, vextir, vaxtavextir, verðbólga, vísitölur, verðtrygging, hagnýt atriði sem snerta fjármál einstaklinga. Mikil áhersla er lögð á óuppsett dæmi og að dæmi séu sem hagnýtust. Nemandur vinna í lokin samvinnuverkefni þar sem þeir tengja saman sem flesta þætti námsefnisins og kynna niðurstöður sínar fyrir samnemendum.

**STÆR2AF05****Algebra, föll og mengi****STÆR1AR05****STÆR 203**

Meginefni áfangans er algebra, föll og mengi.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru:

Bókstafareikningur: Veldi og rætur. Jöfnur af öðru stigi. Könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi. Meðferð algebrubrota. Margliðudeiling. Ójöfnur af fyrsta og öðru stigi. Kynning á vísiföllum og logrum.



Föll: Fallhugtakið innleitt og nokkur algeng föll kynnt, t.d. tölugildisfallið.  
Mengi: Grunnhugtök mengjafræði, s.s. stök, hlutmengi, sammengi og Vennmyndir.

**STÆR3HV05**      **Hornaföll, vigrar og keilusnið**      **STÆR2AF05**      **STÆ 303**

Meginefni áfangans er hornaföll, vigrar og keilusnið. Sérstök áhersla er lögð á sannanir og skýra og rétta stærðfræðilega framsetningu.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru:

Hornaföll: Hornaföll í réttthyrndum þríhyrningi, hornafallareglur, almenn skilgreining hornafalla, umritanir með hornaföllum, hornafallajöfnur og ójöfnur, gröf hornafalla, bogamál.

Vigrar: Vigrar í sléttum fleti, samlagning, lengd, samsíða og hornréttir vigrar, hnit, innfeldi, horn milli vigra, miðpunktur striks.

Keilusnið: Hringir, sporbaugar, fleygbogar og breiðbogar.

**STÆR3TÖ05**      **Tölfræði**      **STÆ2LÆ05 eða STÆR2AF05**      **STÆ 313**

Áfanginn er grunnáfangi í tölfræði. Í honum er fjallað um lýsandi tölfræði, þ.e. tölfræðigögn, miðsækni og dreifingu, flokkun gagna, úrtak og þýði, einkennishugtök, s.s. meðal- og miðgildi, frávik, tíðni og tíðnidreifingu og myndræna framsetningu gagna. Einnig er fjallað um tölfræðigreiningu, m.a. úrtaksfræði, meginmarkgildissetningu tölfræðinnar, fylgni og aðhvarfsgreiningu, ályktunartölfræði og tilgátur og prófanir. Þá er fjallað um áreiðanleika og ályktanir og fyrirvara við þær. Einnig er fjallað um marktekt, öryggismörk og skekkjumörk.

**STÆR3DE05**      **Föll, markgildi, deildun og heildun**      **STÆR2HV05**      **STÆ 403**

Meginefni áfangans eru föll, markgildi, deildareikningur og kynning á heildun.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru:

Föll: Veldisföll, vísisföll, lograföll, andhverf föll, samskeytt föll, eintæk, átæk og gagntæk föll.

Markgildi og deildun: Markgildishugtakið. Skilgreining á afleiðu falls. Deildun veldisfalla, vísisfalla, lografalla og hornafalla. Reiknireglur fyrir deildun margfeldis, ræðra falla og samskeyttra falla.

Samfeldni og deildanleiki falla. Aðfellur. Hagnýting deildunar við könnun falla, s.s. að finna staðbundin hágildi og lággildi, einhallabil, beygjuskil og jöfnu snertils. Gröf falla. Notkun deildareiknings við hagnýt viðfangsefni, t.d. útreikning á hraða og hröðun. Söguleg þróun deildareiknings.

Heildun: Kynning á heildun, stofnföll einfaldrá veldis-, vísis-, logra- og hornafalla. Ákveðið og óákveðið heildi. Flatarmál svæða sem afmarkast af gröfum falla reiknað með heildun. Samband vegalengdar, hraða og hröðunar.

**STÆR3HD05**      **Heildun og deildajöfnur**      **STÆR3DE05**      **STÆ 503**

Meginefni áfangans eru heildun, heildunaraðferðir, flatarmáls- og rúmmálsreikningar með heildi, deildajöfnur af fyrsta stigi, runur og raðir.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru:

Heildun: Stofnföll, ákveðið og óákveðið heildi. Reiknireglur fyrir heildi. Flatarmál svæða sem afmarkast af gröfum falla reiknað með heildun. Hagnýting heilda, t.d. við lausn verkefna sem tengjast fjölda, magni, vegalengdum og hraða. Heildunaraðferðir, s.s. innsetning, hlutheildun og liðun í stofnbrot. Rúmmál snúðs þegar snúið er um  $x$ -ás eða  $y$ -ás. Tengsl deildunar og heildunar.

Deildajöfnur: Fyrsta stigs deildajöfnur af ýmsum gerðum, s.s. óhliðraðar ( $y' + ay = 0$ ), hliðraðar ( $y' + ay = f(x)$ ), aðskiljanlegar ( $g(y) \cdot y' = f(x)$ ) og leysanlegar með heildunarþætti ( $y' + g(x) \cdot y = f(x)$ ). Notkun deildajafna við lausn hagnýtra dæma af ólíkum toga.

Runur og raðir: Endanlegar og óendanlegar runur og raðir. Jafnmuna- og jafnhlutfallarunur og raðir. Samleitnar, óendanlegar jafnhlutfallaraðir. Hagnýting runa og raða í verkefnum tengdum fjármálum og náttúruvísindum. Sannanir með stærðfræðilegri þrepun.

**STÆR3PRO5**      **Þrívíð rúmfræði**      **STÆR3DE05**      **STÆ 523**

Meginefni áfangans er þrívíð rúmfræði, með og án hnitakerfis, og keilusnið.

Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru:

Flatarmyndafraði: Unnið fyrst og fremst með línur og þríhyrninga í fletinum. Vigurjafna og stikaform línu. Þungamiðja þríhyrnings.

Þrívíð rúmfræði: Frumsendukerfi Evklíðs, helstu frumsendur rúmfræðinnar. Margflötungar, vigrar í þrívídd og hnit þeirra, jöfnur og stikaform sléttu, línu og ferla, lausnir á jöfnum, útreikningar á hornum og fjarlægðum, rúmmálsreikningar og vigurfeldi.

Keilusnið: Jöfnur og gröf fleygboga, hringja, sporbauga og breiðboga.

Fylki, ákveður og jöfnuhneppi: Kynning á fylkjum og ákveðum. Aðferð Gauss-Jordan við lausn þrívíðra jöfnuhneppa. Notkun reiknivéla við fylkjareikning og lausn jöfnuhneppa.

**STÆR3TD05**      **Tvinntölur og deildajöfnur**      **STÆR3HD05**      **STÆ 603**

**SVIÐ1GT05**      **Grunnatriði og tækni**

Áfanginn veitir grunnþekkingu í tækni og vinnu í sviðslista. Nemendur kynnast ýmsum upphitunaræfingum og –leikjum og aðferðum spunavinnu auk þess að læra grunntækni í raddbeitingu, framsögn og hreyfingum á sviði. Einnig verður horft á upptökur af nokkrum sviðslistaverkum og verkefni unnin upp úr þeim.

**SVIÐ2SS05**      **Straumar og stefnur**      **SVIÐ1GT05**

Byggt verður á þeim grunni sem lagður er í SVIÐ1GT05. Áfram verður unnið með upphitunaræfingar, einbeitingu, framsögn og spuna en mismunandi aðferðum og kenningum í leiktækni og textameðferð á sviði blandað inn í það. Nemendur lesa leikrit, greina og vinna með ýmis konar leiktexta og öðlast innsýn í aðferðir helstu hugmyndasmiða leiklistarinnar, svo sem Stanislavskís, Brechts og Grotowskis og unnið með samsköpunaraðferð. Einnig verður horft á nokkur sviðs- og kvikmyndaverk og greiningar gerðar á þeim.

**SVIÐ2ÚH05** Útlitshönnun sviðslista **SVIÐ1GT05,**  
**SJÓN1TE05 og**  
**HUGM2HS05**

Áfanginn er kenndur með LEIK2LM10. Nemendur í áfanganum vinna útlit sýningar LME, að hluta til eða í heild, undir leiðsögn kennara og í samvinnu við leikstjóra. Áfanginn getur tekið til hönnunar leikmyndar, búninga, förðunar, lýsingar og/eða hljóðmyndar sýningarinnar.

**SVIÐ3HL05** Handritagerð og leikstjórn **SVIÐ2SS05 og**  
**HUGM2HS05**

Í áfanganum eru kennd grundvallaratriði í handritagerð og leikstjórn. Nemendur vinna skemmri leikritunar- og leikstjórnarverkefni, sem einstaklingar og í smærri hópum. Nemendur vinna sýningu á stuttverki eða stuttmynd í lok áfangans.

**SVIÐ3SN05** Sérnámskeið í sviðslistum **SVIÐ2SS05**

Námskeiðið er sérnámskeið í einhverri grein sviðslista. Lögð er áhersla á að nemendur nái færni í þeirri tilteknu grein. Sem dæmi um greinar sem gætu verið í boði eru dans, gjörningalist og ýmsir þættir kvikmyndagerðar, svo eitthvað sé nefnt. Leitað verður til sviðslistafólks sem eru að starfa á svæðinu um kennslu í áfanganum.

T

**TEIK2MÓ05** Módelteikning / anatómía **SJÓN1TE05** **MYL 233**

Kennd eru grundvallaratriði módelteikningar og anatómíu. Stefnt er að því að nemendur tileinki sér aðferðir til að mæla hlutföll mannlíkamans jafnframt því að þeir átti sig á samræmi hlutfalla og forma. Ýmist verða teiknaðar styttri stöður módelis þar sem áherslan er á heildarsýn eða lengri stöður sem útheimta vandaðri mælingar og meiri nákvæmni. Í upphafi er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér aðferðir til mælingar á hlutföllum mannlíkamans, læri að nota lóðlínur og hjálparlínur til að meta stefnur og hlutföll. Lögð er áhersla á þrívíðan formkilning, jafnframt því að átta sig á styttingu forma í mismunandi líkamsstöðu módelis frá ólíkum sjónarhornum. Ýmist eru teiknaðar stöður módelis þar sem lögð er áhersla á að ná réttari heildarmynd eða lengri stöður þar sem nemandi glímur við formun módelis með skyggingu. Tekin eru dæmi úr listasögu og samtímalist um mannlíkamann sem viðfangsefni myndlistar. Samfara verkefnum læra nemendur grunnatriði anatómíu fyrir teiknara og nýta sér þá kunnáttu við teikningu módelisins. Unnið verður að verkefnum sem auka kunnáttu og þjálfun í að sjá þá anatómísku þætti mannlíkamans sem mestu skipta við teikningu og mótun mannlíkamans. Unnið er aðallega með blýanti og kolum á pappír en þó verða gerðar tilraunir með margvíslegum teikniáhöldum. Einnig vinna nemendur við leirmótun með mannlíkamann sem fyrirmynd. Þá verður einnig unnið eftir anatómíuteikningum og ljósmyndum af mannlíkamanum. Kennari metur vikulega verkefni nemenda með leiðsagnarmati þannig að mikilvægt er fyrir hvern nemenda að mæta vel og fullklára öll verkefni sem lögð verða fyrir til að ljúka áfanganum.

**TEIK2FJ05** Fjarvidd / **SJÓN1TE05** **MYL 212**  
umhverfisteikning

Í áfanganum læra nemendur að nýta sér eins, tveggja og þriggja punkta fjarvídd við túlkun flókinna rýmishugmynda. Í upphafi læra nemendur forsendur samsíða fjarvíddar, ísómetríu og hvernig hægt er að gera myndir af umhverfinu með þeirri tækni. Síðan einbeita þeir sér að raunsærri fjarvídd, læra frumforsendur hennar og þjálfá kunnáttu sína á þessu sviði með því að vinna myndir sem byggjast á þeim. Áhersla er lögð á fríhendisteikningu og teiknaðir verða manngerðir hlutir í umhverfinu, byggingar og náttúruform. Hugað verður að mælingum og hlutföllum, stefnum og staðsetningu hluta í rými. Unnið með gagnsæishugsun og formgreiningu, mótun og efnisáferð með blæbrigðaríkri skyggingu. Farið er í vettvangsferðir og teiknuð mismunandi rými og kringumstæður. Tveir þættir vega því þyngst í vinnu áfangans: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning og hins vegar ferlið skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og teikningar listateiknara, arkitekta og myndlistarmanna með tilliti til aðferða og forsendna teikningarinnar og tilgangs listamannanna með því að nýta kerfi fjarvíddarteikningar. Teiknaðir eru fjölbreyttar fyrirmyndir hluta þar sem form, yfirborð, áferð og litbrigði krefjast nákvæmrar skoðunar og ólíkrar nálgunar. Lögð áhersla á að nemandi nái að greina styrk sinn í teikningunni, þrói með sér persónuleg og sjálfstæð vinnubrögð.

**TEXT1FA05**

**Fatasaumur I**

**SJÓN1TE05 eða SJÓN2LF05**

**THL 103**

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í fatasaumi og að vinna á saumavél. Kennsla fer fram í hvernig grunnsnið eru notuð og hvernig einfaldar sniðbreytingar eru gerðar einnig út frá tilbúnum sniðum. Saumaðar eru prufur og einfaldar flíkur. Áhersla er lögð á að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og læri að vinna vöru frá hugmynd til endanlegrar vöru. Í lok annar á nemandi að hafa safnað saman í eina möppu skissum, verkefna- og vinnulýsingum, sniðum, prufum og myndefni, því er mikilvægt að halda vel utan um allt vinnuferli áfangans.

**TEXT2A05**

**Aðferðir**

**SJÓN1TE05 eða SJÓN2LF05**

**THL 133**

Áfanginn byggist á að kynna hinar fjölmörgu aðferðir innan textílhönnunar og hvernig mismunandi tækni og efnisnotkun tengt aðferðum geta nýst sem möguleiki til listrænnar sköpunar, vöruhönnunar og listhandverks. Lögð er áhersla á vinnuaðferðir, tæki, tól, munsturgerð, litasamsetningar og efnisnotkun. Lögð verður áhersla á að vinna með efni og aðferðir á skapandi hátt. Unnið er með blandaða tækni og prufugerð í allskonar samhengi aðferða og efnisnotkunar. Aðaláhersla er á þrjón, hekl, útsaum og þrykk. Auk þess fá nemendur að kynnast myndvefnaði, spjaldvefnaði, bútasami, knipli, þæfingu og fleiri aðferðum. Lögð er áhersla á skapandi og vönduð vinnubrögð í formi hugmyndamöppu sem inniheldur prufur, tilraunir, vinnulýsingar og skissur. Nemendur vinna munsturkerð á tölvu auk annarrar hugmyndavinnu sem tölvutækni býður upp á. Farið verður í vettvangsferðir og listhandverk og vöruhönnun á svæðinu skoðuð. Sýning verður á verkum nemenda í lok áfangans.

**TEXT2FA05**

**Fatasaumur II**

**TEXT1FA05**

Megináhersla í áfanganum er á hvernig sauma á yfirhöfn og að fóðra og sauma í teygjanleg efni. Aukin verður kunnátta nemandans í að vinna með snið fyrir dömu-, herra- og barnafatnað. Mikilvægt er að nemendur þroski með sér tilfinningu fyrir formi, litum, notagildi og listrænu yfirbragði. Lögð er áhersla á útfærslu eigin hugmynda út frá grunnsniðum og sniðútfærslum í minni sköllum. Í tengslum við þessa vinnu þarf nemandinn að vinna skissuvinnu í formi teikninga

og eða í tölvu. Nemandi verður þjálfaður í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum auk þess að nýta sér tölvutækni við hugmyndavinnu og upplýsingaöflun. Lögð er áhersla á að nemandinn geti rökstutt forsendur fyrir hönnun sinni út frá sniði, efnis- og litavali. Nemendur læra mikilvæga grunnvinnu sem er fólgin í að sauma prufuflíkur, máta á gínu og gera sniðbreytingar. Farið verður í vettvangsferðir og á fyrirlestra tengda námsefninu. Nemandi tekur þátt í sýningu verkefna í lok áfangans.

## U

**UPPE2SS05 Sjóarmið og saga FÉLV1þF05 UPP 103**  
Í áfanganum er fjallað um uppeldis- og menntunarfræði sem fræðigrein, rætur hennar, sögu og hagnýtingu. Lögð er áhersla á að efla skilning á mikilvægi uppeldis og menntunar og að nemendur öðlist hæfni í að takast á við störf er tengjast uppeldi og menntun. Hugtakið uppeldi er tekið til skoðunar og umræðu. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi kenninga um uppeldi og menntun. Fjallað er um þróun uppeldis og menntunar og hugmyndafræði nokkurra þekktra uppeldisfrömuða. Fjallað verður um uppeldi í íslensku nútímasamfélagi, t.d. í tengslum við dagvistun, kynjamismun og breytingar í fjölskyldum. Einnig verður fjallað um þau uppeldisáhrif sem list, bækur, fjölmiðlar, leikir, leikföng, íþróttir, o.fl. hafa á börn.

**UPPE2SU05 Skólastarf og uppeldi FÉLV1þF05 UPP 203**  
Kynnt verða helstu markmið leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og starfsemi mismunandi stofnana sem sinna börnum og ungmennum. Skólakerfið getur stundum reynst flókið og því er þekking á skólakerfinu og hvernig það kemur til móts við ólíkar þarfir nemenda forsenda þess að skólastarf verði farsælt. Nemendur kynna sér helstu kenningar um þroska og hegðun sem stuðst er við í skólastarfi og þekki helstu áhættuþætti er geta haft áhrif á nám og líðan. Jafnframt verður fjallað um verndandi þætti og seiglu sem geta skipt miklu máli fyrir börn og ungmenni sem standa frammi fyrir erfiðleikum. Auk þess verður fjallað um mismunandi aðferðir við lestrarkennslu við upphaf skólagöngu en lestrarkennsla nemenda er einstaklingsbundin þar sem lestrargeta þeirra er mismunandi við upphaf skólagöngu. Þá verður áhersla lögð á samspil kennara og nemenda í kennslustofunni með tilliti til kynhlutverka og hegðunar. Fjallað er um málefni bráðgerra barna og stuðningskennslu barna með sérþarfir. Fjallað er um helstu kvíðavalda er geta birst í lífi barna, mikilvægi sjálfsmyndar í þroska og mikilvægi forvarna sem varða einelti og áfengis- og fíkniefnanotkun. Auk þess verður fjallað um uppeldi í tengslum við íþróttir og starf í félagsmiðstöðvum.

**UPPE2TÓ05 Tómsundafræði FÉLV1þF05**  
Tómsundastarf gegnir mikilvægu menningar- og uppeldishlutverki í nútímasamfélagi. Tómsunda- og félagsmálafræði er ung fræðigrein og felur meðal annars í sér að tileinka sér þekkingu á gildi, þýðingu og hlutverki tómsunda fyrir fólk á öllum aldri í samfélaginu. Einnig fjallar greinin um rannsóknir á tómsundum og mikilvægi þeirra í þróun tómsundastarfs. Í áfanganum verður horft á tómsundastarf í sinni víðustu mynd, bæði úti og inni, tengt náttúru, umhverfi og samfélagi. Rýnt verður í hugmyndafræði unglinga- og þáttökulýðræðis. Í tómsundastarfi með börnum og unglingum er nauðsynlegt að þekkja til forvarna, til að mynda birtingarmynd eineltis, og til hvaða ráða er hægt að grípa við lausn þeirra. Þetta á einnig við um

forvarnir í tengslum við áfengis- og fíkniefnamisnotkun. Markmiðið er að öðlast heildarsýn yfir þá starfsemi sem fram fer í tómsundum barna, ungmenna og aldraðra og það menningar- og uppeldishlutverk sem tómsundastarf gegnir í lífi þeirra.

#### UPPE3RA05

#### Rannsóknaraðferðir í uppeldisfræði

UPPE2SU05

UPP 303

Í þessum áfanga er áhersla lögð á tengsl á milli kenninga innan uppeldis- og menntunarfræða og rannsóknaraðferða. Nemendur kynna sér meginlegar og eigindlegar rannsóknir innan uppeldis- og menntunarfræða í þeim tilgangi að þeir geti metið, tekið afstöðu til og fjallað á gagnrýninn hátt um niðurstöður rannsókna á uppeldi og menntun. Auk þess að geta greint á milli þessara ólíku rannsóknarhefða þá er í áfanganum fjallað sérstaklega um sögu og þróun eigindlegar rannsóknarhefðar og stöðu eigindlegra rannsókna innan félagsvísinda í dag. Farið verður yfir helstu einkenni þessara rannsókna og við hvaða aðstæður eigindlegar aðferðir henta best. Ítarlega verður fjallað um helstu rannsóknaraðferðir og lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu í að beita þessum aðferðum. Þá er fjallað um greiningu eigindlegra rannsóknarganga og skrif á rannsóknarniðurstöðum.

#### ÚTIV1HR01

#### Útivist og hreyfing

Í náminu er lögð áhersla á að nemendur fari í fjórar dagsferðir (3-6klst) eða eina helgarferð þar sem gist er allavega eina nótt. Þarna geta nemendur valið sér leið eftir hentugleika. Bóklegur grunnur áfangans eru stuttir praktískir fyrirlestrar um gönguferðir, s.s. undirbúningur og búnaður í slíkum ferðum, fyrsta hjálp í óbyggðum, kortalestur og rötun, kynning á notkun GPS punkta, staðhættir og náttúrfar áfangastaða, ásamt gildi útivistar sem heilsuræktar. Ferðin/ferðirnar geta verið farnar í samvinnu við ferðaþjónustuaðila eða áhugasamtök sem sérhæfa sig í gönguferðum á svæðinu, s.s. Ferðafélag Fljótaldshéraðs og Wildboys. Áfanginn er símatsáfangi sem byggist m.a. á þremur námsþáttum: mætingu í fyrirlestra tengda áfanganum og síðan í ferðina sjálfa, frammistöðu nemandans í vettvangsferðunum og skilum á ferðaskýrslu.

#### ÚTIV2GU05

#### Gönguferðir og undirbúningur þeirra

10 einingar í náttúrufræði eða  
sambærilegum áföngum á  
náttúrufræðibraut

Undirbúningur og skipulag gönguferða, búnaður, kortalestur og rötun, nesti og næring á ferðalagi, veðráttu og veðurspár, fyrsta hjálp í óbyggðum, staðhættir og sagnir, náttúrufar (jarðfræði, plöntur, dýralíf og umhverfi), gildi útivistar fyrir heilsurækt og heilbrigðan lífsstíl. Verklegar útiæfingar. Háls- og heilsdagsferðir. Helgarferðir. Útbúin og flutt kynning á sögu tiltekens svæðis eða náttúrufari á erlendu tungumáli. Log-bók og lokaskýrsla. Ferðirnar geta verið farnar í samvinnu við ferðaþjónustuaðila eða áhugasamtök sem sérhæfa sig í gönguferðum á svæðinu, ss Ferðafélag Fljótaldshéraðs og Wild Boys. Áfanginn er símatsáfangi sem byggist m.a. á þremur námsþáttum: mætingu í fyrirlestra tengda áfanganum og síðan í ferðina sjálfa, frammistöðu nemandans í vettvangsferðunum og skilum á ferðaskýrslu (loggbók). Ástundun, frammistöðu í verklegum æfingum og ferðum, ferðaskýrslu (log-bók) og erindum nemenda. Áfanginn getur nýst sem undirbúningur að LOKA áfanga, þar sem nemendur gerðu verkefni sitt í

tengslum við svæðið sem ferðast er um hverju sinni. Gæti tengst sögu (mannlíf á fyrri tíð) jarðfræði (jarðsaga svæðisins, stutt með myndum) tungumálum (ferðasagan á erlendri tungu).

## ÚTIV2ÚS05 Útivist og sjálfsefling

Námið er sniðið að þátttöku í ERasmus+ ungmennaskiptaverkefninu Fire&Ice sem er samstarfsverkefni Menntaskólans á Egilsstöðum, Ungmenna- og Íþróttasambands Austurlands og írsku ungmennasamtakanna YMCA. Verkefnið er sérstaklega ætlað nemendum sem vilja efla sjálfsþekkingu, sjálfsvirðingu og sjálfsmynd sína, kynnast náttúrunni á nýjan hátt og takast á við ýmsar áskoranir utan þægindarammans. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á náttúrameðferð, reynslunámi, jákvæðri sálfræði, styrkleikaþjálfun, áskorunum og ævintýrum.

V

VÍDE2XX05 Kvikmyndasaga og  
vídeólist

VÖRH2XX05 Vöruhönnun

Þ

## [ÞÝSK1PL05](#) Persónan og lífið

ÞÝS 103

Áfanginn er byrjunaráfangi og áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur fá innsýn í menningu og staðhætti á þýska menningarsvæðinu og kynnast samskiptavenjum og siðum.

Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í öllum málfræðipáttum: tali, hlustun, ritun og lesskilningi. Áhersla er lögð á framburð, grunnatriði málnotkunar og uppbyggingu orðaforða sem tengist nemandanum og hans nánasta umhverfi.

Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum, þeir tileinki sér árangursríka námstækni og eru þjálfaðir í að meta framvindu sína í námi.

## [ÞÝSK1DA05](#) Daglegar athafnir

ÞÝSK1PL05

ÞÝS 203

Helstu atriði ÞÝSK1PL05 eru rifjuð upp um leið og bætt er við orðaforða og málfræði. Áhersla er lögð á að þjálfar áfram alla málfræðipætti: munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og lesskilning. Unnið er með orðaforða sem tengist nánasta umhverfi nemandans, daglegum athöfnum og ferðalögum (t.d. að spyrja og segja til vegar). Þá eru nemendur einnig þjálfaðir í að segja frá liðnum atburðum og orsakasamhengi (orsök og afleiðingu / af hverju og til hvers). Menningu og staðháttum þýskumælandi landa er fléttað inn í kennsluna m.a. í gegnum lestur viðeigandi texta sem varpa ljósi á daglegt líf. Varðandi námsmat þá verða nemendur þjálfaðir í því að meta eigin framfarir og að meta hvern annan. Þessi áfangi er efst á stigi A1 í evrópska málfræðinámnum og ætti að skila nemendum af sér á stigi A2.

## [ÞÝSK1VU05](#)

Venjur og umhverfi

ÞÝSK1DA05

ÞÝS 303

ÞÝSK1VU05 er fyrsti áfanginn á hæfnisprepi A2 í samevrópska viðmiðunarkerfinu og síðasti áfanginn á fyrsta þrepi í því íslenska. Byggt er á þeirri undirstöðu sem nemandinn hefur aflað sér í undanföllum og er því mikilvægt að hún sé traust. Áherslan er á nánasta umhverfi nemandans: heimilið, matur, tíska og smekkur, skólinn og starfið. Í tengslum við þessi þemu er síðum og samskiptavenjum í þýskumælandi löndum fléttað inn í kennsluna. Nemendur eru áfram þjálfaðir í öllum málfærniþáttum, hlustun, lesskilningi, ritun og tali með aukinni áherslu á tjáningu. Í kennslubókinni verða textar nú aðeins lengri og flóknari en í fyrri áföngum. Lesin er ein léttlestrarbók á þyngdarstigi 1 til 2 sem nemendur gera grein fyrir á þýsku í samtali við kennara (söguþráður og eigin skoðun). Í málnotkun bætast við ný málfræðiatríði sem auka málskilning og tjáningarhæfni nemandans. Sem áður eru gerðar miklar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur tileinki sér árangursríka námstækni.

### ÞÝSK2FM05 Ferðalög og menning ÞÝSK1VU05 ÞÝS 403

ÞÝSK2FM05 er fyrsti þýskuáfanginn á öðru þrepi og er byggt markvisst ofan á þá kunnáttu sem nemandinn öðlaðist í undanföllum og þá sérstaklega ÞÝSK1VU05. Áfram er lögð áhersla á alla málfærniþætti með aukinni áherslu á munnlega og skriflega tjáningu. Málfræðiatríði, sem kynnt voru í undanfara, eru rifjuð upp og æfð í nýju samhengi. Þemu sem unnið er með tengjast m.a. dagblöðum og fjölmiðlum, ferðalögum, áhugaverðum stöðum á þýska málsvæðinu, tómstundaiðju, veðri og veðurspá. Unnið er með mismunandi efni: texta í kennslubók, bókmenntatexta, tónlist og stutt myndbönd (Deutsche Welle). Lesin er smásaga eða léttlestrarbók á þyngdarskala 2 til 3, sem nemendur gera grein fyrir í samtali við kennara (hluti af munnlegu prófi). Þá er horft á eina kvikmynd sem nemendur fjalla um í stuttri tímaritgerð og tjá sig um á munnlegu prófi. Nemendur vinna að hluta til sjálfstætt m.a. við verkefni að eigin vali. Þeir halda stutta kynningu í hópnum um valið efni, t.d. áhugamál, borg eða fylki á þýska málsvæðinu. Við lok áfangans eiga nemendur að vera komnir að mörkum A2 og B1 á samevrópska matsrammanum en áhugasamir nemendur geta þó verið komnir mun lengra.

### ÞÝSK2AM05 Auðug málnotkun ÞÝSK2FM05 ÞÝS 503

ÞÝSK2AM05 er annar þýskuáfanginn á öðru þrepi og er hann á þrepi B1 í samevrópska matsrammanum. Í undanföllum eiga nemendur að hafa öðlast þekkingu á og leikni í beitingu allra helstu málfræðiatríða þýskrar tungu. Nú er ætlast til að þeir nýti sér þessa kunnáttu til að tjá sig á markvissari hátt og auðga mál sitt í ræðu og riti. Aðeins þyngstu málfræðiatríðin verða rifjuð upp svo sem tilvísunarsetningar, þolmynd og viðtengingarháttur. Eitt nýtt atríði verður kynnt og æft. Það er í raun viðbót við viðtengingarháttinn eða notkun hans í óbeinni ræðu. Orðaforði daglegs lífs er dýpkaður og aukinn og meiri áhersla er lögð á umfjöllun um valin málefni líðandi stundar hér heima og erlendis, menningu og sögu þýskumælandi landa. Unnið er með texta á netinu, bókmenntatexta, tónlist og stutt myndbönd (Deutsche Welle). Lesin er ein skáldsaga og margvísleg munnleg og skrifleg verkefni unnin í tengslum við hana. Þá er horft á eina kvikmynd sem nemendur fjalla um í tímaritgerð og tjá sig um á munnlegu prófi. Nemendur vinna að miklum hluta sjálfstætt m.a. við verkefni að eigin vali. Áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í að halda stuttar kynningar á þýsku þar sem þeir segja frá völdum verkefnum. Verkefnum safna nemendur saman í annað hvort rafræna eða hefðbundna verkefnaöppu. Leitast verður við að hafa öll verkefni áfangans í rafrænu formi. Á þessu stigi þýskunámsins er æskilegt að nemendur þjálfist í erlendu samstarfi með þýsku sem samskiptamál.